



FISKISTOFA
TRAUST - FRAMSÆKNI - VIRÐING

Ársskýrsla 2017

Efnisyfirlit

1. Formáli fiskistofustjóra • 3
2. Upplýsingagjöf og samstarf • 4
3. Veiðileyfi og aflaheimildir • 5
4. Afli, kvótaávilnanir og aflaverðmæti • 10
5. Eftirlit • 14
6. Útflutningur • 19
7. Lax- og silungsveiði • 21
8. Meðferð mála og úrskurðir • 24
9. Álagning og innheimta • 25
10. Mannauður • 26
11. Upplýsingatækni • 28
12. Rekstraryfirlit Fiskistofu 2017 • 29
13. Starfsmenn Fiskistofu 31. desember 2017 • 32



Fiskistofa er sjálfstæð stjórnáslustofnun sem heyrir undir atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti og gegnir mikilvægu hlutverki við að stuðla að ábyrgri og hagkvæmri nýtingu fiskistofna.

Hlutverk Fiskistofu er að annast framkvæmd laga og reglna um stjórn fiskveiða í sjó og fersku vatni. Stofnunin annast stjórnáslu og eftirlit ásamt söfnun, úrvinnslu og útgáfu upplýsinga um sjávarútveg, lax- og silungsveiðar og hvalveiðar.

Fiskistofa mars 2018

Ljósmyndir: Sumarliði Óskarsson

Umbrot: Egill Baldursson ehf

1. Formáli fiskistofustjóra

Fiskistofa fagnaði 25 ára afmæli á árinu 2017 með glæsilegri móttöku 15. nóvember fyrir helstu viðskiptavinum stofnunarinnar og samstarfsaðila. Fiskistofa tók einnig þátt í Sjávarútvegssýningunni 2017 og þar gafst tækifæri til að kynna starfsemina sem og að kynna þær margvíslegu upplýsingar sem aðgengilegar eru á vef stofnunarinnar. Gestkvæmt var á bás Fiskistofu og vakti þátttaka stofnunarinnar verðskuldaða athygli. Ljóst er að mikill áhugi er fyrir því að kynnast stofnuninni og starfsemi hennar og kemur til skoðunar að endurtaka leikinn.

Óvissa sem skapaðist í kringum flutning höfuðstöðva Fiskistofu til Akureyrar er nú að baki og starfsemin í góðu jafnvægi. Á næstu vikum mun Fiskistofa birta skýrslu um flutninginn, áhrif á starfsemina, mannaúð og kostnað enda er mikilvægt að áhrif svo umfangsmikilla breytinga séu metin.

Frá stofnun, 1. september 1992, hefur Fiskistofa haft með höndum og borið ábyrgð á upplýsingatæknimálum Hafrannsóknastofnunar og hefur það samstarf gengið mjög vel. Í sumar óskaði Hafró eftir því að taka yfir upplýsingatæknimál sín þar sem miklar breytingar á því sviði standa nú yfir hjá þeim. Unnu stofnanirnar að því verkefni á haustmánuðum og fluttust þrír starfsmenn upplýsingatæknisviðs Fiskistofu til Hafró í október og tveir til viðbótar um áramót. Þetta hefur óneitanlega í för með sér miklar breytingar á sviði upplýsingatæknimála stofnunarinnar. Nú stendur yfir stefnumótunarvinna með víðtækri þátttöku starfsmanna þar sem Fiskistofa setur sér framtíðarsýn til næstu 5 ára, sóknaráætlun og mælanleg markmið. Er þar m.a. litið til stefnu íslenskra stjórnvalda varðandi málaflökkinn og heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna.

Mikilvægi rekjanleika sjávarafurða fer stigvaxandi ár frá ári þar sem krafa markaðarins ræður för. Brýnt er að Ísland fylgi þeirri þróun og leggja þarf aukna áherslu á þau mál til að tryggja aðgang að bestu mörkuðum fyrir sjávarafurðir. Ísland hefur einstaka aðstöðu til að ná forskoti og vera leiðandi á sviði rekjanleika með traustum og áreiðanlegum upplýsingum sem tryggt geta áreiðanlegan rekjanleika frá veiðum til neytenda. Þá sérstöðu eignum við að nýta. Fiskistofa gegnir lykilhlutverki þegar kemur að öflun og miðlun upplýsinga um sjávarútveg en áreiðanlegar rauntímaupplýsingar eru grundvöllur gagnsæis og trausts og leggur grunn að rekjanleika. Rétt vigtun og skráning sjávarafila er ein af burðarstöðum fiskveiðistjórnunarkerfisins og grundvöllur þess að hægt sé að tryggja öruggan rekjanleika og sýna fram á sjálf-

bæra og ábyrga nýtingu auðlinda hafsins. Það eru því mikilvægir hagsmunir greinarinnar og um leið þjóðarinnar allrar að aflaskráning sé rétt og áreiðanleg.

Fiskistofa birtir reglulega á heimasíðu sinni upplýsingar um hlutfall kælmiðils (íss) í endurvigtuðum afla þar sem borið er saman íshlutfall þegar eftirlit er með vigtun og hlutfall íss þegar vigtað er án aðkomu eftirlits. Samanburður þessi hefur leitt í ljós að munur getur verið umtalsverður og hefur í nokkrum tilvikum leitt til þess að Fiskistofa fylgdi málum eftir með samfelldu eftirliti í nokkurn tíma á kostnað vigtunarleyfishafa. Aukið gagnsæi um endurvigtun veitir aðhald og er til þess fallið að styrkja eftirlit verulega. Þess ber að geta að í mörgum tilvikum er gott samræmi í hlutfalli kælmiðils í slíkum samanburði sem staðfestir öguð og vönduð vinnubrögð vigtunarleyfishafa sem og vilja og metnað til réttar aflaskráningar.

Áhættugreining og áhættumiðað eftirlit hefur reynst gagnlegt og skilvirk. Þrátt fyrir að starfsfólki í eftirlitsverkefnum hafi fækkað er fjöldi mála sem Fiskistofa tekur til rannsóknar og meðferðar svipaður á síðustu fimm árum. Með aukinni rafrænni vöktun og áhættugreiningu má efla eftirlit og auka aðhald með litlum tilkostnaði en til þess að svo geti orðið þarf skýrar lagaheimildir til rafrænnar vöktunar og notkunar myndavéla til eftirlits.

Fiskistofa vinnur ótulllega að því að tæknivæða verkferla og láta tæknina leysa mannshöndina af hólmi. Vigtar- og ráðstöfunarskýrslum er nú alfarið skilað rafrænt og millifærslur aflamarks fara sömuleiðis fram með rafrænni sjálfsafgreiðslu aðila. Fiskistofa leiðir nú hönnun og gerð smáforrits fyrir snjalltæki sem ætlað er að leysa af hólmi afladagbækur á pappírformi hjá þeim hluta smábátaflotans sem enn skilar pappírsgagnabókum. Til lengri tíma litið stefnir Fiskistofa að því að samtengja rafrænar skráningar úr afladagbókum, aflaskráningu í löndunarhöfn, endurvigtunar/heimavigtunarupplýsingar og vingar- og ráðstöfunarskýrslur með það að markmiði að fá rafrænan samanburð upplýsinga, stóraukið gagnsæi og rafræna vöktun. Þá er langt komið umfangsmikið verkefni sem felst í endurnýjun og endurskipulagningu innri tæknimála eins og tölvupóstkerfi, gæða- og skjalakerfi. Með því næst samhæfing kerfa sem leiða mun til aukinnar hagkvæmni, skilvirkni og öryggis.

Akureyri, mars 2018

Eyþór Björnsson, fiskistofustjóri

2. Upplýsingagjöf og samstarf

Fiskistofa safnar gögnum um veiðar og vinnslu afla, og skráir upplýsingar um aflaheimildir og stöðu þeirra. Stofnunin tekur saman margvíslegar upplýsingar úr þessum gögnum og birtir þær meðal annars á vef Fiskistofu. Nefna má reglulega birtingu á aflatölum yfirstandandi fiskveiðiárs og ársyfirlit sem gefið er út í október og hefur að geyma samanteknar upplýsingar um undanengið fiskveiðiárs. Leitast er við að hafa heimasíðu Fiskistofu þannig að hægt sé að nálgast upplýsingar á sem aðgengilegastan hátt og lögð er áhersla á að fjölga gagnvirkum síðum þar sem notendur geta sótt upplýsingar eftir eigin höfði úr gagnagrunnum. Fiskistofa sérvinnur einnig upplýsingar eftir beiðni gegn gjaldi samkvæmt gjaldskrá.

Á árinu var svarað 242 fyrirspurnum en þær voru 333 árið 2016. Fyrirspurnum fækkaði því um 27% frá fyrra ári en svipuð þróun hefur átt sér stað undanfarin ár. Ekki er ólíklegt að það sé til merkis um að upplýsingagjöf um vefinn hafi aukið getu viðskiptavina til að afla sér upplýsinganna sjálfir. Á myndinni má sjá skiptingu fyrirspurna eftir fyrirspyrjendum. Fiskistofa svarar öllum fyrirspurnum sem berast stofnuninni og heimilt er að svara samkvæmt upplýsinga- og persónuverndarlögum.

Innlent samstarf

Fiskistofa leggur áherslu á samstarf við aðrar stjórnsýslu stofnanir og hagsmunaaðila í sjávarútvegi til þess að rækja hlutverk sitt sem best. Slíkt samstarf getur bæði stuðlað að aukinni skilvirkni og hagræði með það að markmiði að bæta bæði upplýsingagjöf og þjónustu ásamt því að auðvelda samskipti. Samráð átti sér m.a.

stað við tollayfirvöld, Matvælastofnun, Landhelgisgæslu, Hafrannsóknastofnun, Fjársýslu ríkisins, Hafnasamlagið og Samgöngustofu. Þá eru regluleg samskipti og samstarf um ýmis mál við Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi og Landssamband smábátaeigenda.


Starfsmenn Fiskistofu tóku á árinu þátt í kennslu í formi gestafyrirlestra, meðal annars í Sjávarútvegsskóla Háskóla Sameinuðu þjóðanna og Háskóla Íslands. Einnig leggur Fiskistofa til kennara á löggildingarnámskeið fyrir vigtarmenn. Þá tekur Fiskistofa reglulega á móti gestum frá fyrirtækjum, stofnunum og félagasamtökum og kynnir fyrir þeim starfseminu og fiskveiðistjórnun. Á árinu aðstoðaði Fiskistofa íslensk vottunarfyrirtæki á fjölmörgum fundum með erlendum úttektaaðilum við alþjóðlega vottun á sjálfbærni veiða og gæðum íslenskra sjávarafurða.

Samstarf á alþjóðavettvangi

Fiskistofa á fulltrúa í ýmsum samstarfsnefndum á vegum fjölþjóðlegra fiskveiðieftirlitsstofnana. Ferðadagur starfsmanna erlendis á vegum Fiskistofu 2016 voru 147 talsins en gistinætur voru 88. M.a. var farið á fundi hjá eftirfarandi alþjóðastofnunum: Norðaustur-Atlantshafsfiskveiðinefndinni (NEAFC), Norðvestur-Atlantshafsfiskveiðinefndinni (NAFO) og Norður-Atlantshafs sjávarspendýra áðinu (NAMMCO). Þá tóku fulltrúar Fiskistofu þátt í fundum sem vörðuðu fiskveiðieftirlit á alþjóðlegumhafs svæðum. Ennfremur var fundað með fulltrúum fiskveiðiþjóða um framþróun fjareftirlits- og tilkynningakerfis fiskiskipa á norðanverðu Atlantshafi.

Fiskistofa stóð fyrir fjölda kynninga á starfsemi sinni og íslenski fiskveiðistjórnun fyrir erlenda aðila sem heim sóttu landið. Í þessu skyni var m.a. tekið á móti tveimur sendinefndum á vegum breskra stjórnvalda sem vildu kynna sér íslenska fiskveiðistjórnun sem þátt í undirbúningi á Brexit. Einnig komu fulltrúar útgerða í Orkneyjum og skoskur prófessor í svipuðum erindagjörðum til fundar við Fiskistofu. Tekið var á móti hópum sérfræðinga frá Kanada, Grikklandi, Sviss og bandaríska þinginu sem sóttust eftir að kynna sér íslenskan sjávarútveg og fiskveiðistjórnun. Fiskistofa tók átt í kynningu tengda Arctic Circle fyrir aðila úr stjórnsýslu Kyrrahafseyja. Þá sótti sendinefnd frá Mósambík Fiskistofu heim ásamt fulltrúa Alþjóðabankans til að kynna sér hvað megi læra af íslenski fiskveiðistjórnun.

2.1 Fjöldi fyrirspurna eftir uppruna 2017



3. Veidileyfi og aflheimildir

3.1 Veidileyfi

Í lögum um stjórn fiskveiða er kveðið á um að skip þurfi almennt veidileyfi eigi því að vera heimilt að stunda veiðar í atvinnuskyni við Ísland. Almenn veidileyfi eru tvenns konar, veidileyfi með aflamarki og veidileyfi með krókaafلامarki. Auk almenns veidileyfis eru gefin út sérveidileyfi á skip fyrir tiltekna veiðar sem óheimilt er að stunda nema með sérleyfi. Á þetta t.d. við um veiðar á deilistofnum, veiðar með dragnót og veiðar á grásleppu. Í örfáum tilvikum eru veiðar háðar sérstöku leyfi Fiskistofu án þess að skilyrt sé að skip hafi almennt veidileyfi. Þetta á t.d. við um frístundaveidileyfi, veiðar á tegundum sem einungis veiðast utan íslenskrar lögsögu og strandveiðar.

Tafla 3.1 sýnir fjölda almennra leyfa til veiða í atvinnuskyni. Þar má sjá að fækkað hefur leyfum til veiða með krókaflamarki en fjöldi leyfa til veiða með aflamarki er svipaður og á síðasta ári. Nokkur aflamarksleyfi voru felld niður þar sem skip hafði ekki stundað veiðar undanfarandi 12 mánuði auk þess sem sjö skip voru flutt úr aflamarkskerfinu yfir í krókaflamarkskerfið og fimm skip flutt frá krókaflamarkskerfinu. Heildarfjöldi leyfa er því aðeins minni nú en fyrra ár. Nú eru almennu veidileyfin samtals 1.244 en fiskveiðiárið 2015/2016 voru þau 1.262.

Heildarfjöldi sérveidileyfa kemur fram í töflu 3.2. Árið 2017 fækkaði leyfum til strandveiða nokkuð en voru 607 árið 2017 í stað 670 árið á undan. Eins varð fækkun á

3.1 Fjöldi almennra veidileyfa

Fiskveiðiár:	2012/2013	2013/2014	2014/2015	2015/2016	2016/2017
Aflamarksskip	486	459	428	401	400
Krókaflamarksbátar	806	868	892	861	844
Alls fjöldi leyfi til veiða í atvinnuskyni:	1.292	1.327	1.320	1.262	1.244

3.2 Tegundir og fjöldi sérveidileyfa

Fiskveiðiár:	2011/2012	2012/2013	2013/2014	2014/2015	2015/2016	2016/2017
Grásleppuveidileyfi	339	286	224	324	243	259
Rauðmagaveidileyfi krókabáta	10	9	10	16	10	7
Dragnótaveidileyfi	67	62	57	53	47	51
Innfjarðarækjuveidileyfi	13	22	18	17	19	11
Hörpudiskveidileyfi						
Ígulkeraveidileyfi	3	2	3	5	5	5
Strandveidileyfi	762	679	650	641	670	607
Frístundaveidileyfi án aflaheimilda	5	2	3	2	1	12
Frístundaveidileyfi með aflaheimildum	49	48	45	42	40	39
Leyfi til sæbjúgnaveiða	7	6	9	7	11	15
Síldveiðar með vörpu	47	27	24	18	22	19
Úthafskarfaveidileyfi á Reykjanes hrygg	14	13	10	6	6	5
Úthafskarfaveidileyfi í Barentshafi	2	2				
Rækjuveiðar í Barentshafi	3	2	1	1	1	
Veiðar á djúpsjávartegundum á veiðsvæði NEAFC		2	1	1		
Rækjuveidileyfi á Flæmingjagrunni	1	1				1
Leyfi til veiða úr norsk-ísl. síldarstofninum	24	21	18	20	18	21
Leyfi til veiða á norsk-ísl. síld í norski lögsögu	16	11	5			
Gulllaxveidileyfi	37	29	20	21	15	19
Kolmunnaveidileyfi	15	15	20	22	15	20
Síldar- og makrílveiðar í færeyski lögsögu						
Makrílveiðar	157	267	267	173	131	107
Þorskveiðar í norski lögsögu	9	9	10	9	8	9
Þorskveiðar í rússneski lögsögu	8	9	7	7	8	7
Túnfiskveidileyfi með línu	1	1	1	1	1	1
Túnfiskveidileyfi með sjóstöng		3	3	3		
Beitukónsveidileyfi				5	6	4
Krabbaveiðar í Faxaflóa				3	5	3
Veiðar á kúfiskel				1	1	2
Fjöldi sérveidileyfa	1.589	1.528	1.406	1.398	1.283	1.224

3.3 Fjöldi veiðileyfa erlendra skipa í íslenskri lögsögu

Tegund veiðileyfis	2012	2013	2014	2015	2016	2017
Kolmunnaveiðileyfi	9	13	11	11	11	14
Loðnuveiðileyfi	87	82	81	82	82	83
Úthafskarfaveiðileyfi						
Línu- og handfæraveiðileyfi	26	26	23	24	23	25
Leyfi til veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum	13	14	11	12	12	
Karfaveiðileyfi						
Fjöldi veiðileyfa erlendra skipa	135	135	126	129	128	122

útgefnum makrílleyfum 2017 eins og undanfarin ár. Fækkun makrílveiðileyfa má rekja að einhverju leyti til sérreglna um makríl sem leyfir 100% millifærslu aflaheimilda, fela ekki í sér veiðiskyldu og nýrra reglna um tilfærslu veiðireynslu sem leitt hefur til samþjöppunar í greininni.

Á grundvelli samninga sem íslensk stjórnvöld gera við önnur ríki um gagnkvæmar heimildir til veiða eru gefin út veiðileyfi til erlendra fiskiskipa til veiða í íslenskri lögsögu. Í töflu 3.3 má sjá fjölda leyfa sem gefin hafa verið út til erlendra skipa á árunum 2012 til 2017. Fjöldi veiðileyfa til erlendra skipa hefur verið nokkuð svipaður undanfarin ár.

3.2 Aflaheimildir

Ráðherra sjávarútvegsmála ákveður ár hvert leyfilegan heildarafla kvótabundinna tegunda. Á grundvelli þeirrar ákvörðunar úthlutar Fiskistofa aflamarki til einstakra skipa í samræmi við aflahlutdeild skips. Áður en til úthlutunar kemur er ákveðið hlutfall dregið af leyfilegum heildarafla hvers kvótabundinnar tegundar. Hlutfallið var 5,3% fyrir fiskveiðiárið 2016/2017 eins og

árið á undan. Þeim aflaheimildum sem eftir standa í þorski, ýsu, ufsa, steinbít, gullkarfa, keilu og löngu er ráðstafað til sérstakra úthlutana, s.s. byggðakvóta, strandveiða og skel- og rækjubóta. Úthlutanir af þessu tagi mäsjá í töflu 3.4. Aðrar tegundir, eða það sem umfram er, eru boðnar útgerðum í skiptum fyrir þorsk, ýsu, ufsa og steinbít. Skiptin fara fram á tilboðsmarkaði Fiskistofu sem almennt er haldinn í upphafi hvers mánaðar.

Auk úthlutunar aflamarks annast Fiskistofa úthlutun á ýmsum viðbótaraflaheimildum, s.s. byggðakvóta, sérstökum heimildum til frístundafiskiskipa og skel- og rækjubótum eins og sjá má í töflu 3.4.

Aflamark

Á heimasíðu Fiskistofu má sjá upplýsingar um heildaraflamark hvers fiskveiðiárs frá fiskveiðiárinu 2000/2001. Þorskafla til aflamarks á Íslandsmiðum fiskveiðiárið 2016/2017 var rúmlega 185 þúsund tonn en aflamarkið nam samtals rúmlega 194 þúsund tonnum. Rúm 21 tonn voru nýtt til tegundatilfærslu og voru um 1.600 tonn veidd af heimildum næsta fiskveiðiárs.

3.4 Viðbótarúthlutanir skv. lögum nr. 116/2006

Fiskveiðiár:	2010/11	2011/12	2012/13	2013/14	2014/15	2015/16	2016/17
Rannsóknnaafi skv. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 116/2006	1.205	1.458	1.285	1.359	3.033	2.631	3.098
Byggðakvóti skv. 2. tl. 1. mgr. 10. gr. laga nr. 116/2006	5.254	5.352	6.992	6.470	6.281	5.523	4.344
Rækjubætur skv. 1. tl. 1. mgr. 10. gr. laga nr. 116/2006	1.050	1.038	698	664	687	601	586
Skelbætur skv. 1. tl. 1. mgr. 10. gr. laga nr. 116/2006	983	972	983	1.185	983	983	983
Þorskeldi skv. bráðabirgðaaákvæði nr. I við lög nr. 116/2006	289	235	196	110	61	32	28
Frístundakvóti skv. bráðab. ákvæði IX við lög nr. 116/2006	128	164	141	254	132	213	216
Skötuselur skv. bráðab. ákvæði VIII við lög nr. 116/2006	2.154	986					
Sumargotssíld skv. bráðab. ákvæði VIII við lög nr. 116/2006		32	181	181	11		2
Samtals:	11.063	10.237	10.476	10.223	11.188	9.983	9.257

Magn í þorskígildistonnunum

3.5 Fjöldi tilkynninga um flutning aflaheimilda

Fiskveiðiár:	2010/2011	2011/2012	2012/2013	2013/2014	2014/2015	2015/2016	2016/2017
Aflahlutdeildir	196	196	186	268	258	206	208
Aflamark	8.205	9.516	9.701	10.093	9.295	9.339	7.875
þar af flutt rafrænt	1.943	2.482	2.411	2.566	2.440	3.067	2.525
þar af flutt vegna skerðinga	347	255	180	213	225	127	
þar af jöfn skipti milli aflamarks og krókakerfis	45	165	119	114			
Tilkynningar alls:	8.401	9.712	9.887	10.349	9.553	9.545	8.083

Flutningur aflaheimilda

Nokkuð er um að aflaheimildir, aflamark og aflahlutdeildir séu fluttar á milli skipa. Fiskistofa tók undir lok ársins í notkun rafrænt millifærslukerfi sem gerir útgerðum kleift að millifæra aflamark milli eigin skipa sem og til skipa óskyldra aðila. Innleiðing gekk vel og fer nú stór hluti millifærslanna fram rafrænt. Fiskistofa annast ávallt flutning aflahlutdeilda og er fjöldi tilkynninga sambærilegur við síðasta ár. Þetta má sjá í töflu 3.5 sem sýnir fjölda tilkynninga um flutning aflahlutdeilda og aflamarks. Í töflunni má sjá upplýsingar um heildarfjölda millifærslna á aflamarki milli skipa, fjölda raf-rænna millifærslna milli eigin skipa útgerðar og flutning aflamarks þar sem eigendur skipta til baka þeim 5,3%

sem haldið var frá við úthlutun. Enn fremur sýnir taflan fjölda millifærslna þar sem aflamark var flutt úr króka-aflamarkskerfinu yfir í aflamarkskerfið í jöfnum skiptum.

Í töflu 3.6 eru upplýsingar um flutning aflahlutdeilda milli fiskiskipa sl. fimm fiskveiðiár. Vakin er athygli á að þetta eru veltutölur sem þýðir að sömu aflahlutdeildir eru taldar í hvert skipti sem þær eru fluttar enda þótt þær séu fluttar milli skipa oft en einu sinni. Þarna má sjá að mikil aukning hefur orðið á flutningi aflahlutdeilda í flestum tegundum frá fyrra ári og má það rekja til mikillar endurnýjunar í skipaflotanum.

Þá koma fram í töflu 3.7 sundurliðaðar upplýsingar um flutning aflamarks á fiskveiðiárinu 2016/2017.

3.6 Flutningur hlutdeilda milli skipa

Fiskveiðiár:	2010/2011	2011/2012	2012/2013	2013/2014	2014/2015	2015/2016	2016/2017
Þorskur	11,2%	11,1%	8,5%	13,9%	8,7%	11,5%	26,8%
Ýsa	13,9%	12,0%	8,6%	18,1%	10,2%	13,0%	24,6%
Ufsi	17,3%	9,8%	6,7%	16,8%	5,9%	12,2%	25,2%
Gullkarfi	15,9%	8,9%	5,0%	14,8%	4,6%	5,8%	26,4%
Djúpkarfi	16,0%	9,2%	4,3%	14,6%	1,1%	3,8%	39,6%
Litli karfi				10,2%	0,1%	0,0%	6,2%
Langa	34,8%	10,0%	5,7%	7,9%	6,6%	12,5%	13,6%
Blálanga				10,9%	2,7%	9,4%	4,1%
Keila	78,7%	6,4%	2,1%	3,9%	4,8%	13,7%	6,8%
Steinbitur	28,3%	23,1%	8,4%	18,6%	11,5%	18,7%	15,6%
Skötuselur	14,3%	3,3%	8,1%	7,6%	5,4%	10,2%	8,4%
Gulllax				18,6%	0,0%	0,5%	26,6%
Grálúða	5,7%	3,9%	6,1%	12,1%	0,2%	4,5%	40,0%
Skarkoli	17,6%	10,4%	5,2%	10,6%	10,8%	8,3%	12,6%
Þykkvalúra	12,2%	13,3%	2,5%	10,9%	9,1%	9,6%	15,5%
Langlúra	4,7%	1,6%	12,1%	5,9%	6,3%	21,2%	16,0%
Sandkoli	7,1%	0,9%	0,4%	13,2%	12,6%	14,8%	14,8%
Skrápfjúra	8,1%	1,4%	0,5%	8,1%	4,0%	20,4%	7,0%
Síld	0,0%	9,7%	3,3%	27,5%	8,5%	31,5%	
Loðna	27,2%	11,1%	7,4%	21,0%	22,9%	41,8%	5,3%
Humar	11,2%	0,0%	3,6%	5,1%		12,4%	5,9%
Úthafs-rækja					39,9%	25,6%	34,0%
Arnarfjarðarrækja	0,0%	16,7%	0,0%	0,0%		25,0%	
Húnaflóarrækja	11,9%	25,0%	4,4%	43,0%	17,8%	12,0%	
Rækja í Ísafjarðardjúpi	7,1%	118,1%	0,0%	33,9%	0,4%	15,8%	13,7%
Skagafjarðarrækja	50,0%	50,0%	25,0%	50,0%		25,0%	
Öxarfjarðarrækja	50,0%	50,0%	50,0%	0,0%	50,0%	50,0%	
Skjálíndarrækja	33,3%	33,3%	66,7%	0,0%	33,3%		
Snæfellsnesrækja					39,9%	29,7%	35,6%
Eldeyjarrækja	7,7%	0,0%	0,0%	15,4%		15,4%	7,7%
Arnarfjarðarskel	0,0%	30,0%	0,0%	0,0%		20,0%	
Breiðafjarðarskel	12,9%	34,0%	0,0%	0,0%	40,7%	4,3%	74,7%
Húnaflóaskel	18,8%	62,5%	18,8%	25,0%	62,5%		50,0%
Skel í Ísafjarðardjúpi	0,0%	50,0%	0,0%	25,0%			
Úthafskarfi	0,0%	4,3%	14,0%	14,1%		9,0%	32,2%
Kolmunn	0,0%	13,1%	16,7%	21,3%	57,0%	1,8%	19,2%
Norsk-íslensk síld	0,0%	18,1%	14,2%	29,4%	42,2%	12,2%	4,3%
Flæmingjarækja	4,6%	4,3%	8,5%	2,0%	6,3%	6,7%	36,6%
Þorskur – norsk lögsaga	8,4%	1,2%	22,0%	18,5%	4,3%	6,9%	38,1%
Þorskur – rússnesk lögsaga	8,4%	1,2%	22,0%	18,5%	10,4%	6,9%	44,2%

Hlutfall af heildarafhlutdeild. Um veltutölur er að ræða.

3.7 Heildarflutningur aflamarks milli fiskiskipa

Fisktegund:	Millifært			2016/2017 Samtals	Fiskveiðiráið 2015/2016 Samtals	Fiskveiðiráið 2014/2015 Samtals
	Milli skipa í eigu sama aðila	Milli skipa í eigu mismunandi aðila	Jöfn skipti milli aflamarks og krókakerfis			
Þorskur	43.286	41.920	1.415	86.621	70.547	80.194
ÝsaÝsa	12.392	14.253	2.048	28.693	22.673	20.556
Ufsi	20.733	13.296	466	34.495	36.111	43.224
Gullkarfi	17.781	6.501		24.282	26.720	23.546
Djúpkarfi					9.235	8.285
Litli karfi	652	894		1.546	710	1.014
Langa	2.793	2.308		5.101	8.266	6.918
Blálanga	489	175		664	2.205	1.263
Keila	796	386		1.182	1.688	1.586
Steinbítur	3.450	6.774	50	10.274	8.206	6.003
Skötuselur	262	456		718	951	918
Gulllax	2.654	1.199		3.853	2.687	2.706
Grálúða	6.234	7.233		13.467	8.589	7.670
Skarkoli	2.673	3.114		5.787	6.495	5.755
Þykkvalúra	417	573		990	1.290	1.460
Langlúra	556	621		1.177	1.269	1.042
Sandkoli	285	184		469	461	742
Skráþflúra	13	7		20	25	13
Humar	1.018	1.866		2.884	4.525	168
Innfjarðarækja	9.517	4.185		13.702	565	673
Rækja við Snæfellsnes	390	154		544	844	883
Úthafsrækja	2.136	1.352		3.488	4.301	6.026
Síld	35.485	18.691		54.176	14.768	25.060
Loðna	75.567	30.310		105.877	20.154	88.842
Úthafskarfi innan	135.325	109.523	4.294	249.142	1.934	1.890
Kolmunn	11.550	6.042		17.592	12.551	73.258
Norsk-íslensk síld	168.327	119.248		287.575	305.950	16.431
Flæmingjarækja						
Norskur þorskur	2.951	568		3.519	4.137	4.558
Rússneskur þorskur	62		62	76	3.584	
Þorskur	63	13	0	76	3.584	6.170

Ofangreindar tölur miðast við lestir og slægðan fisk þar sem það á við. Um veltutölur er að ræða.





3.8 Aflamarksskipti á tilboðsmarkaði (tonn)

Tegund	2013/2014	2014/2015	2014/2015	2015/2016
Þorskur	-2.976	-6.978	-2.420	-8.008
Ýsa	-2.132		-2.338	-726
Ufsi	844			-249
Karfi/gullkarfi	1.552	2.417	2.570	1.167
Langa	406	585	636	
Blálanga	92	131	110	86
Keila	118	176	143	
Steinbítur	-674		-612	-481
Skötuselur	56	48	48	34
Gulllax	384	424	424	418
Grálúða	549	687	604	660
Skarkoli	278	341	317	357
Þykkvalúra	64	78	63	53
Langlúra	47	53	53	54
Sandkoli	21	49	25	24
Skrápflúra			4	3
Síld	2.382	4.399	5.316	10.391
Loðna	5.969	9.722	8.669	12.492
Kolmunni	9.347	10.757	2.437	5.456
Norsk-íslensk síld	2.915	2.176	24.615	21.231
Humar	3	27	212	217
Úthafsækja		265	366	364
Þorskur - NL	369	366	229	228
Þorskur - RU	231	229	13	9
Arnarfjarðarrækja	62	19	37	26
Rækja í Djúpi		40	7	37
Rækja við Snæfellsnes		44	43	79
Litli karfi	72	80	80	123
Eldeyjarrækja		11		685
Úthafskarfi innan	298	156	140	-4.789
Djúpkarfi	323	530	530	
Innheimt á tilboðsmarkaði í ÞÍG	6.068	6.978	5.779	13.626
Útdeilt á tilboðsmarkaði í ÞÍG	9.765	11.177	15.702	14.940
Halli í skiptum á tilboðsmarkaði í ÞÍG	-3.697	-4.199	-9.923	-1.314
Hlutfallslegur halli í skiptunum	38%	38%	63%	9%

4. Afli, kvótaívilnanir og aflaverðmæti


4.1 Löndun afla

Fiskistofa á samstarf við löndunarhafnir um vigtun og skráningu landaðs afla. Niðurstöður vigtunar á afla eru skráðar í aflaskráningarkerfið GAFL (Gagnagrunn Fiskistofu og Löndunarhafna). Þetta gera starfsmenn löndunarhafna og eru upplýsingarnar sendar jafnóðum á rafrænu formi í gagnagrunn Fiskistofu. Í GAFLinum hefur Fiskistofa ávallt nýjustu fánlegar upplýsingar um afla og fylgist náið með aflaheimildum einstakra skipa.

Á fiskveiðiarinu 2016/2017 voru 52.072 landanir skráðar í aflaskráningarkerfið. Þetta er 3.749 færri landanir en á fyrra ári sem er fækkun um 6,7%.

Bolungarvík er sú höfn þar sem flestar landanir fóru fram á síðasta fiskveiðiarinu eða 3.798 talsins. Þeim fækkaði um 449 frá fiskveiðiarinu 2015/16. Næst kemur Sandgerði með 2.516 landanir og Ólafsvík með 2.412 landanir.

Fjöldi landana eftir helstu löndunarhöfnum fiskveiðiarin 2012/13 til 2016/17



4.2 Afli og kvótaívilnanir

Heildarafla íslenskra skipa í botnfiski til aflamarks má sjá í töflu 4.2. Ef borinn er saman heildarafli og afli sem reiknaður er til aflamarks er nokkur munur þar á. Helsta skýringin á því er afli sem er undanþeginn aflamarki vegna sérreglna sem um hann gilda, s.s. reglur er varða línuafila, afila sem rennur til Verkefnasjóðs sjávarútvegsins (VS-afila), undirmálaafila og afila í strandveiðum. Línuívilnun náði á síðasta fiskveiðiarí eins og undanfarið ár til þorsks, ýsu og steinbíts. Á síðasta fiskveiðiarí mátti veiða 3.375 tonn af þorski, 1.335 tonn af ýsu og 700 tonn af steinbít miðað við slægðan fisk umfram aflamark á sérstaklega beitta línu og var þeim heimildum skipt á

fjögur veiðitímabil. Eins og sjá má á töflu 4.2 fullnýttu íslensk fiskiskip ekki heimildir sínar í línuívilnun. Á síðasta fiskveiðiarí lönduðu íslensk fiskiskip töluvert minna af VS-afila en á fyrra ári, en hluti af andvirði þess afila greiddist í Verkefnasjóð sjávarútvegsins. Ennfremur dró töluvert úr undirmálaafila af þorski frá fyrra fiskveiðiarí eða um tæp 30%.


Á hverju ári veiða íslensk skip fjölda tegunda sem ekki eru bundnar aflamarki. Á síðasta fiskveiðiarí voru hrognkelsi/grásleppa mest veidda ókvótabundna tegundin með 4.569 tonn. Grásleppuveiðar eru bundnar veiðileyfi. Næst kemur sæbjúga með 2.730 tonn.

4.2 Afli í botnfisktegundum 2016/2017 og 2015/2016 (tonn upp úr sjó)

Fisktegund	Heildarmagn	Til kvóta	Vs-afli	2016/2017		
				Línuívilnun	Undirmál	Utan kvóta*
Þorskur	234.649	220.435	1.119	2.594	1.067	9.434
Ýsa	34.753	33.117	373	1.048	151	64
Ufsi	44.689	44.313	3		4	369
Karfi / Gullkarfi	48.179	47.928	17	25	46	163
Langa	7.291	7.222	1	65		3
Keila	1.689	1.603	68	16		2
Steinbítur	7.510	6.966	19	514		11
Skötuselur	676	675	1			
Grálúða	12.152	12.122	24			6
Skarkoli	6.373	6.355	15			3
Þykkvalúra	1.471	1.471				
Langlúra	1.088	1.088				
Sandkoli	208	180	1			27
Skráþflúra	17	3				14
Djúpkarfi	8.556	8.540				16
Samtals	409.301	392.018	1.641	4.262	1.268	10.112

Fisktegund	Heildarmagn	Til kvóta	Vs-afli	2015/2016		
				Línuívilnun	Undirmál	Utan kvóta*
Þorskur	249.934	235.116	1.306	3.327	1.518	8.667
Ýsa	38.646	36.814	409	1.231	137	55
Ufsi	48.888	48.385	5		24	474
Karfi / Gullkarfi	54.541	54.219	77		80	165
Langa	9.773	9.762	8			3
Keila	3.221	3.114	103			4
Steinbítur	8.910	8.250	34	614		12
Skötuselur	910	910				
Grálúða	13.408	13.370	32			6
Skarkoli	7.608	7.593	12			3
Þykkvalúra / Sólkoli	1.724	1.723	1			
Langlúra	1.147	1.147				
Sandkoli	443	319	15			109
Skráþflúra	14	7				7
Djúpkarfi	9.600	9.578				22
Samtals	448.767	430.307	2.002	5.172	1.759	9.527

* Meðal annars strandveiði og rannsóknafli



4.3 Aflaverðmæti

Upplýsingar um aflaverðmæti og ráðstöfun afla eru fengnar úr vigtar- og ráðstöfunarskýrslum sem kaupendur sjávarafla skila til Fiskistofu. Í þeim tilgangi hefur stofnunin tekið upp rafrænt kerfi þar sem skýrslum er skilað í gegnum vefviðmót. Það kerfi kemst í fulla notkun á fyrsta ársfjórðungi 2018. Aflaverðmæti þorsks á síðasta fiskveiðiári nam tæpum 50,2 milljörðum króna sem er verulegur samdráttur úr rúmum 63 illjörðum á fyrra fiskveiðiári. Verðmæti ýsuafans dróst saman um rúma tvo milljarða. Aflaverðmæti makrils um 300 milljónir eftir samdrátt undanfarin ár. Aflaverðmæti íslenskra fiskiskipa var samtals tæpir 105 milljarðar króna og dróst saman um 26 milljarða milli fiskveiðiaára.

Á fiskveiðiarinu 2016/2017 fór að venju mestur hluti þorskaflans í landfrystingu eða tæpt 91 þúsund tonn (36,4%). Næst mest fór ísað í flug eða tæpt 64 þúsund tonn (25,6%). Þessi ráðstöfun á þorskaflanum hefur aukist verulega á síðastlinum árum. Tæpt 44 þúsund tonn fóru í söltun sem er verulegur samdráttur. Af makrilaflanum fóru um 55% í landfrystingu saman-

4.3 Afli í ókvótabundnum tegundum fiskveiðiarin 2014/15 til 2016/17

Fisktegundir	2014/15	2015/16	2016/17
Hrognkelsi/Grásleppa	5.948	5.416	4.569
Sæbjúga	1.200	2.908	2.730
Hlýri	1.763	1.982	1.656
Tindaskata	1.647	1.399	1.007
Lýsa	877	690	643
Stórkjasta / Öfugkjasta	429	498	467
Stinglax	295	382	334
Ígulker	264	293	313
Spærlingur	34	639	262
Skata	147	170	139
Lúða	72	141	120
Grásleppuhrogn	125	21	
Rauðmagi	46	55	25
Náskata	12	17	7
Háfur	14	13	3

borið við 49% á fyrra ári. Um 29% makrilaflans voru sjófryst samanborið við 26% á fyrra ári. Tæpt 23 þúsund tonn af makríl fóru í bræðslu samanborið við 37 þúsund tonn á vertíðinni 2016.

4.4 Aflaverðmæti helstu nytjastofna – þrjú fiskveiðiar (millj. kr.)

Fisktegund	2013/14	2014/15	2015/16
Þorskur	59.613	63.274	50.177
Ýsa	11.200	10.162	7.841
Ufsi	10.303	9.132	6.223
Gullkarfi	11.433	10.524	7.091
Djúpkarfi	2.747	2.327	1.721
Langa	1.858	1.553	1.051
Steinbítur	1.543	1.409	978
Skötuselur	606	530	282
Grálúða	8.759	8.963	6.754
Skarkoli	1.296	1.386	997
Síld	10.169	5.802	6.413
Loðna	10.038	2.709	3.597
Makrill	12.001	8.793	9.108
Humar	786	952	822
Rækja	3.028	2.554	1.259
Úthafskarfi	574	600	343
Heildaraflaverðmæti	145.954	130.670	104.657



4.5 Helsta ráðstöfun afla eftir fisktegundum 2015/2016 og 2014/2015

Fisktegund	2015/2016									
	Frysting	Sjó-frysting	Ísað í flug	Söltun	Hersla/purrkun	Bræðsla	Óunnið í gám	Unnið í gám	Flökun	Innanlands-neysla
Porskur	90.866	32.189	63.740	43.839	1.324	115	6.047	2.768	5.007	3.584
Ýsa	11.295	4.697	11.442	11	892	29	4.515	127	449	2.015
Ufsi	14.848	20.918	4.460	1.940	60	61	1.873	10	1.109	24
Skötuselur	13		53	1			61	382	148	19
Skarkoli	2.729	107	1.141	14			2.073	148	9	157
Síld	68.419	23.732		3.109		19.237			213	3
Loðna	15.219	2.358				161.996				
Kolmenni	85	1.011				206.763				60
Makrill	83.451	42.913	30	74		22.531	12	0	1.228	1
Samtals	286.925	127.926	80.867	48.988	2.276	410.733	14.580	3.435	8.161	5.865

Fisktegund	2014/2015									
	Frysting	Sjó-frysting	Ísað í flug	Söltun	Hersla/purrkun	Bræðsla	Óunnið í gám	Unnið í gám	Flökun	Innanlands-neysla
Porskur	105.392	31.961	61.248	52.638	886	57	6.046	1.195	2.233	3.032
Ýsa	14.661	6.743	11.348	1	791		4.404	56	259	2.164
Ufsi	22.288	19.256	4.217	2.731	13	48	944	6	17	36
Skötuselur	5	2	84				242	388	158	22
Skarkoli	3.174	109	1.329	1		1	2.530	277	30	171
Síld	56.408	26.387		3.263		21.571				22
Loðna	15.617	6.403				68.233				
Kolmenni	12.324	429				176.595				
Makrill	72.568	38.200		31		36.599	4			3
Samtals	302.436	129.490	78.226	58.665	1.691	303.103	14.170	1.921	2.697	5.449



5. Eftirlit

Fiskistofa hefur eftirlit með veiðum og löndunum íslenskra og erlendra skipa í íslenskri lögsögu og veiðum íslenskra skipa utan lögsögunnar. Eftirlit er stór þáttur í starfsemi Fiskistofu og gegnir stofnunin lykilhlutverki við eftirlit með sjávarútvegi. Verkefnið er umfangsmikið og krefjandi og felur m.a. í sér eftirlit með fiskveiðum, vinnslu afla um borð, aflaheimildastöðu skipa, vigtun og skráningu afla, umgengni um auðlindina, verndun smáfisks, hvalveiðum, lax- og silungsveiði og malartekju. Eftirlit fer ýmist fram á vettvangi, til sjós og lands, eða með rafrænum hætti hjá Fiskistofu.

Fiskistofa á gott samstarf við systurstofnanir sínar í þeim tilgangi að bæta eftirlit, sem stuðlar að heildrænni nálgun við að framfylgja lögum og reglugerðum. Oft felur þetta í sér samlegðaráhrif fyrir þá sem eftirlitinu sæta með því að fækka þeim sem sinna eftirliti með þeim hverju sinni. Í einhverjum tilfellum hefur verið farið sýn til að ná þessu markmiði fram með að stofna til formlegra samstarfssamninga, svo sem við Matvælastofnun og Tollstjóra, en í öðrum tilfellum er um óformlegri samvinnu að ræða, svo sem við Landhelgisgæslu Íslands. Eins sinna veiðieftirlitsmenn Fiskistofu upplýsingasöfnun í miklum mæli fyrir Hafrannsóknastofnun í þágu hafrannsóknna.

Fiskistofa á mikil samskipti og samstarf við erlend fiskveiðistjórnvöld og fjölþjóðlegar stofnanir á sviði veiðieftirlits.

5.1 Eftirlit á sjó

Árið 2017 fóru veiðieftirlitsmenn Fiskistofu í 306 veiðiferðir með fiskiskipum. Veiðiferðir þessar stóðu samtals yfir í 1.173 daga. Farið var í 24 veiðiferðir með vinnsluskipum samtals í 505 daga og 281 veiðiferð með öðrum fiskiskipum, samtals í 668 daga.

Meðal starfa eftirlitsmanna um borð í veiðiskipum er að fylgjast með tegunda- og stærðarsamsetningu afla sem felst í því að lengd fisks er mæld, hann er kvarnaður og upplýsingum og sýnum er safnað í þágu hafrannsóknna og fiskveiðistjórnunar. Einnig fylgja eftirlitsmenn því eftir að skráning í afladagbók sé gerð með réttum hætti, meðal annars að öll sjávarspendýr og fuglar sem í veiðafæri koma séu skráð og botndýr eins og svampar myndaðir og mældir. Á árinu 2017 mældu eftirlitsmenn Fiskistofu alls 311.277 fiska og kvörnuðu 3.134 fiska. Einnig mældu eftirlitsmenn Fiskistofu 10.596 skeldýr og 287 sjávarspendýr og fugla. Lengdarmælingar fara fram á sjó og í landi og með þeim er m.a. safnað gögnum til rannsóknna á stærðartengdu brottkasti.

Brottkastsverkefnið felur í sér athugun og mat á brottkasti fisks undir tiltekinni lengd og með tilteknu veiðarfæri og er það unnið í samstarfi við Hafrannsóknastofnun sem gefur út skýrslu árlega þar sem tölfræðilegar niðurstöður verkefnisins eru birtar. Árið 2017 var brottkast mælt úr veiðarfærunum botnvörpu og línu. Í brottkastverkefninu eru þorskur og ýsa mæld úr lönduðum afla og afla upp úr sjó frá sama skipi í samliggjandi veiðiferðum. eru þessar mælingar síðan bornar saman ef veiðisvæði beggja mælinga er í sama tilkynningarskyldureit, einnig er möguleiki á að para saman mælingar af sama svæði frá mismunandi skipum. Aðferðin byggist á því að brottkast sé lengdarháð og smáfiski sé hent en stærri fiskur hirtur. Mismunur þessara mælinga er síðan notaður til að meta brottkast. Árið 2017 mældu eftirlitsmenn Fiskistofu samtals 151.593 fiska í brottkastverkefninu.

Eftirlit á grunnslóð

Fiskistofa og Landhelgisgæsla Íslands sinntu sameiginlega fiskveiðieftirliti á grunnslóð eins og gert hefur verið undanfarið ár. Árið 2017 var farið í fimm sameiginlega leiðangra. Farið var í tvær ferðir með aðgerðabátum Óðni á Faxaflóasvæðinu í byrjun maí. Tveir leiðangrar voru farnir á varðskipinu Þór, fyrri ferðin var í apríl með áherslu á grásleppuveiðar á miðunum fyrir norður og norðausturlandi og seinni ferðin í ágúst á miðunum norður og norðvestur af landinu. Á varðskipinu Tý var farið í júlí á miðin vestur og norður af landinu.

Tilgangur ferðanna var að fara um borð í fiskiskip á grunnslóð með það að markmiði að kanna veiðileyfi, afla, afladagbók, aflasamsetningu, veiðarfæri, aflameðferð og annað sem tilheyrir veiðieftirliti. Einnig var leitað eftir lax og silungsnetum í sjó.

Í þessum leiðöngurum var farið um borð í 65 báta. Ávallt er afladagbók skoðuð. Sex athugasemdir og leiðbeiningar voru gerðar á vettvangi vegna afladagbókar, ein brotakýrsla var gerð vegna afladagbókar. Prisvar voru skipsskjöl ekki í lagi og eitt tilfellið það alvarlegt að viðkomandi var sendur í land. Í ferðinni voru mældir 1.532 fiskar og kom til einnar skyndilokunar eftir mælingu um borð í línubát.

Uppsjávarfiskur

Í töflu 5.2 má sjá fjölda landana íslenskra og erlendra veiðiskipa á uppsjávarfiski í íslenskum höfnum og viðveru eftirlitsmanna við þær þegar eingöngu voru skoðaðar landanir á flotvörpu og nót þar sem heildar-

5.1 Fjöldi daga á sjó eftir árum við eftirlit

Ár	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017
Ísfiskskip	846	985	920	821	672	671	668
Vinnsluskip	1.212	1.060	823	786	699	719	505
Samtals	2.058	2.045	1.743	1.607	1.371	1.390	1.173

5.2 Eftirlit með löndun og veiðum á uppsjávarfiski

	2017			2016		
	Fjöldi landana	Eftirlit	Hlutfall	Fjöldi landana	Eftirlit	Hlutfall
Landanir uppsjávarafla íslenskra skipa	687	148	21,5%	677	144	21%
Landanir uppsjávarafla erlendra skipa	164	47	28,7%	216	28	13%
Samtals	851	195	22,9%	893	172	19,3%

magn löndunar náði 5 tonnum eða meira. Á árinu voru landanir íslenskra veiðiskipa á makríl, norsk-íslenski síld, íslenskri sumargotssíld, loðnu og kolmunna 687 talsins og var eftirliti sinnt í 148 af þessum löndunum. Á árinu voru 164 landanir erlendra veiðiskipa á uppsjávarafla og var eftirliti sinnt við 47 þeirra landana. Á tímabilinu voru eftirlitsmenn Fiskistofu 213 daga um borð í veiðiskipum er stunduðu uppsjávarveiðar.

Grásleppa

Útgefin leyfi til veiða á grásleppu árið 2017 voru 259 talsins. Í eftirliti var lögð áhersla á að merkingar veiðafæra væru fullnægjandi og að trossur væru merktar í samfelldri númeraröð. Einnig var fylgst með að allur afli væri skráður í afladagbók, þar með talið sjávarspendýr og fuglar. Auk þess var lögð áhersla á að sannreyna að fjöldi og lengd neta í sjó væru innan þeirra marka sem reglur heimila. Að hámarki er hverjum bát heimilt að hafa samanlagða teinalengd neta allt að 7.500 metrum á vertíð. Netalengd miðast við teinalengd. Einnig fylgjast eftirlitsmenn Fiskistofu með því að öll veiðarfæri séu færð í land eftir að grásleppuleyfi báts rennur út. Eftirlitsmenn Fiskistofu fór í 71 veiðiferð með grásleppubátum árið 2017. Gerðar voru 31 skýrsla vegna brota á hrognkelsareglugerð.

Vinnsluskip


Hjá Fiskistofu störfuðu fjórir eftirlitsmenn sem sérhæfðir eru í eftirliti með skipum sem vinna afla um borð og sinna því eingöngu, einn þeirra lét af störfum á árinu.

Alls unnu 24 íslensk skip afla um borð á árinu 2017. Í gegnum árin hefur vinnsluskipum verið að fækka en talan stóð í stað milli árána 2016 og 2017. Að vísu var eitt skipanna eingöngu að veiðum utan landhelginnar. Botnfiskur var flakaður um borð í 15 skipum, heilfrystur, hausskorin eða sporðskorinn um borð í 4 skipum. Uppsjávarafla var unnin um borð í 4 skipum og 1 skip sauð rækju. Það bættust tvö ný skip í flotann á árinu, annað þeirra var útbúið til vinnslu með vélskurði á flökum, svokölluðum bitum.

Landanir á afurðum vinnsluskipa árið 2017 voru alls 296. Vinnsluskipum er skylt að senda Fiskistofu upplýsingar um nýtingu afla úr viðkomandi veiðiferð, þ.e. svokallaðar nýtingarskýrslur. Þær eru rýndar til að kanna hvort rétt hafi verið staðið að mælingum á nýtingu við vinnslu afurða. Gerðar voru skriflegar athugasemdir við nýtingarskýrslur hjá fimm skipum á árinu og þrisvar var afurð felld á grunnstuðul þar sem uppgefinn fjöldi nýtingarsýna var ekki í samræmi við reglur.

Þá gera eftirlitsmenn úttekt á afurðum vinnsluskipa við löndun þar sem borin eru saman nýtingarsýni og vinnslusýni í því skyni að kanna hvort rétt hafi verið

5.3 Fjöldi daga á sjó eftir árum



staðið að nýtingarmælingum um borð. Á árinu voru gerðar 18 slíkar úttektir og voru 12 þeirra án athugasemda, 4 sinnum var sent út bréf til leiðbeiningar þar sem minniháttar atriðum var ábótavant en í 2 tilvikum var afurð reiknuð til aflamarks samkvæmt grunnstuðli, þar sem nýtingarmælingar gáfu ekki rétta mynd af raunverulegri nýtingu um borð.

Í samstarfssamningi Fiskistofu og Matvælastofnunar er m.a. kveðið á um að veiðieftirlitsmenn Fiskistofu annist stöðumat í vinnslu- og frystiskipum. Þá skoða eftirlitsmenn Fiskistofu hvort og hvernig brugðist hefur verið við athugasemdum eftirlitsmanna Matvælastofnunar á vinnsluumhverfi um borð í vinnsluskipum. Matvælastofnun voru sendar upplýsingar vegna 17 veiðiferða á síðasta ári.

Skyndilokanir

Skyndilokunum er beitt til að koma í veg fyrir skaðlegar veiðar á smáfiski. Skyndilokanir voru 119 árið 2017. Flestar lokanir voru þegar þorskur mældist undir viðmiðunarmörkum eða í 72 skipti þegar bara þorskur átti í hlut, 30 skipti vegna þorsks og ýsu og eitt skipti þegar þorskur og ufsi voru undir viðmiðunarmörkum í báðum tegundum. Flestar voru lokanir á línuveiðar, en þær voru 84 talsins. Mikil aukning var í skyndilokunum þar sem ýsa mældist undir viðmiðunarmörkum, alls 31 sinni árið 2017 til samanburðar við þrisvar árið 2016. Einnig var mikil fjölgun í skyndilokunum vegna rækju 2017 eða 7 talsins, ekki kom til skyndilokunar á rækju árið 2016.

5.4 Heildarfjöldi skyndilokana 2017 eftir fisktegundum

Fisktegund	
Þorskur	72
Þorskur/Ýsa	30
Þorskur/ufsi	1
Ýsa	1
Ufsi	8
Rækja	7
Samtals	119

5.5 Fjöldi skyndilokanna 2017 eftir veiðarfærum

Botnvarpa	11
Lína	84
Handfæri	17
Rækjuvarpa	7
Samtals	119

Hvalveiði

Hvalveiðar við Ísland voru ekki umfangsmiklar árið 2017. Aðeins voru veiddar 17 hrefnur, en engin langreyðaveiði var stunduð við landið (Tafla 5.6).

Eftirlit með hvalveiðum fer fyrst og fremst fram með skoðun á skipum og veiðibúnaði, veiðiaðferðum, mæl-

ingaraðferðum, sýnatöku og því hvort veiðarnar séu stundaðar á leyfilegum svæðum. Auk þess er gengið úr skugga um að um borð séu menn með tilskilda reynslu og leyfi til að stunda veiðarnar. Eftirlitsmenn Fiskistofu fóru í eina veiðiferð til eftirlits með hrefnuveiðum sumarið 2017.

Eftirlitsmaður á vegum NAMMCO (Norður Atlantshafs spendýraráðið) var við eftirlit með hrefnuveiðum við Ísland sumarið 2017. Alls fór hann í 6 veiðiferðir og var við eftirlit þegar tvær hrefnur voru veiddar.

Sérfræðingafundur á vegum NAMMCO um aflifunartíma í hvalveiðum, haldinn í Kaupmannahöfn í nóvember 2015, lagði til að Íslendingar söfnuðu upplýsingum um dauðatíma í hrefnuveiðum fyrir 25-30 hrefnur. Fyrir árið 2017 hafði 13 slíkum mælingum verið safnað en norskur sérfræðingur var fenginn til að halda áfram þeim mælingum 2017. Var hann við störf í júní og gerði mælingar fyrir 6 hrefnur, þannig að heildarfjöldi mælinga er nú 19 fyrir hrefnuveiðar við Ísland. Ekki hefur verið ákveðið hvort mælingum verður fram haldið sumarið 2018.

5.6 Fjöldi veiddra hvala

Ár	Hrefna	Langreyður
2009	81	125
2010	60	148
2011	58	
2012	52	
2013	35	134
2014	24	137
2015	29	155
2016	46	
2017	17	

5.2 Eftirlit í landi

Rafrænt eftirlit

Á undanförunum árum hefur Fiskistofa lagt í auknum mæli áherslu á svokallað rafrænt eftirlit. Í þessu felst að gögn úr gagnagrunnum stofnunarinnar sem og önnur gögn eru hagnýtt til að gera margs konar samanburð. Þannig er hægt að skoða gögn um skip eða vigtunarleyfishafa til þess að meta ákveðna áhættuþætti sem og að koma auga á brot í fiskveiðistjórnunarkerfinu. Helsti ávinningur þess að leggja áherslu á rafrænt eftirlit er að gera allt eftirlit stofnunarinnar skilvirkara og beina því þangað sem þörfin fyrir það er talin mest. Sem dæmi um keyrslur sem Fiskistofa hefur þróað undanförunum árum er m.a. að skoða aflasamsetningu skipa eftir veiðisvæðum m.t.t. brottkasts, að bera saman íshlutfall skipa við endurvigtun hjá vigtunarleyfishöfum o.m.fl.

Vigtun og skráning afla

Fiskistofa gefur út leyfi til vigtunar sjávarafila. Undanfarin ár hafa kröfur sem gerðar eru til heima- og endur-

vigtunarleyfishafa verið auknar, bæði hvað varðar gögn og upplýsingar sem umsækjendur um leyfi láta Fiskistofu í té og einnig er varðar aðbúnað til vigtunar, virkt innra eftirlit leyfishafa, nákvæmni og rekjanleika í skráningum frá vigtun sjávaraflla.

Við lok árs 2017 voru alls 114 vigtunarleyfi í gildi á landinu öllu. Þar af voru 16 heimavigtunarleyfi, 95 endurvigtunarleyfi og 3 vigtunarleyfi sjálfstæðra aðila.

Veginn afli íslenskra fiskiskipa í kvótabundnum tegundum til skráningar á aflamarki hjá vigtunarleyfishöfum nam rúmum 223.500 tonnum á árinu 2017 ef miðað er við slægðan afla. Þar af var 60,6% vigtað hjá vigtunarleyfishöfum en tæpum 30% lokað með vigtun á hafnarvog.

Eitt stærsta eftirlitsverkefni Fiskistofu í landi er eftirlit með vigtun og skráningu sjávaraflla. Í því felst m.a. eftirlit með vigtun sjávaraflla hjá vigtunarleyfishafa, úttektir hjá aðilum sem sækja um ný leyfi eða endurnýjun leyfa og eftirlit með vigtun á hafnarvog.

Eftirlit með vigtunarleyfishöfum hefur undanfarin ár verið byggt á áhættuflokkun. Markmið slíkrar áhættuflokkunar er að beina eftirliti þangað sem mest þörf er talin fyrir hendi. Áhættuflokkunin er byggð á ýmsum þáttum t.d. vegnu magni, fjölda vigtanna, fjölda skipa sem landa hjá viðkomandi leyfishafa o.s.frv.

Fiskistofa birti á vef sínum á árinu, líkt og undanfarin ár, niðurstöður endurvigtunar hjá leyfishöfum þar sem stofnunin hafði eftirlit með vigtun yfir tveggja mánaða tímabil í senn. Þar er borið saman íshlutfall þegar eftirlit er haft með vigtunum við íshlutfall landana á undan og á eftir. Hefur þetta framtak vakið athygli. Sömuleiðis má á vefsvæði Fiskistofu finna upplýsingar um allar landanir skipa á Íslandi sem og hlutfall íss í afla við endurvigtun hjá leyfishöfum í hverri löndun fyrir sig.

Árið 2017 samþykkti Alþingi breytingu á lögum um umgengni við nytjastofna sjávar. Þar var Fiskistofu veitt heimild til að fylgjast með allri vigtun hjá vigtunarleyfishafa, komi í ljós að veruleg frávik séu á íshlutfalli í afla hjá leyfishafa þegar Fiskistofa hefur eftirlit með vigtun samanborið fyrri vigtanir til viðkomandi leyfishafa. Fiskistofa hóf á haustmánuðum að beita þessu úrræði þar sem stofnunin taldi að veruleg frávik væru í hlutfalli kælimiðils hjá vigtunarleyfishöfum eftir því hvort eftirlit væri haft með vigtun eða ekki.

5.7 Tegund og fjöldi vigtunarleyfa

	Fjöldi 2017
Vigtunarleyfi sjálfstæðra aðila	3
Heimavigtun – fiskvinnsla	5
Heimavigtun – bræðsla	11
Endurvigtun – fiskvinnsla	74
Endurvigtun – fiskmarkaðir	21
Samtals	114

Strandveiðar

Alls voru 607 bátar með leyfi til strandveiða árið 2017. Til samanburðar má nefna að 670 bátar voru með slíkt leyfi árið 2016, því er um töluverða fækkun að ræða milli ára. Leyfi til strandveiða eru bundin skilyrðum sem m.a. lúta að leyfilegum heildarafla á dag og tímalengd veiðiferðar. Fiskistofa hefur eftirlit með því að þessi skilyrði séu virt og fer það einkum fram með rafrænum hætti.

Samkvæmt samstarfssamningi við Matvælastofnun hafa veiðieftirlitsmenn hitastigsmælt afla, einkum yfir sumarmánuðina, og eru allar mælingar sendar til Matvælastofnunar til frekari úrvinnslu.

Afladagbækur

Eftirlitsmenn Fiskistofu skoðuðu afladagbækur í 544 tilvikum um borð í veiðiskipum á árinu. Við skoðun á vettvangi veita eftirlitsmenn leiðbeiningar um þau atriði sem betur mega fara en skrifa brotaskýrslur vegna veigameiri vanskraninga. Einnig leiðbeina eftirlitsmenn Fiskistofu skipstjórnarmönnum markvisst um þá skyldu þeirra að skrá öll þau sjávarspendýr og þá fugla sem koma í veiðarfæri. Fjöldi skipa sem skilar afladagbókum er 1.249, þar af skila 959 á pappírformi og 290 á rafrænu formi. Á síðasta ári voru send út 674 áminningarbréf þar sem skipstjórar og útgerðaraðilar voru áminntir vegna vanskila á afladagbókum. Þá voru 162 skip svipt veiðileyfi vegna vanskila.

Hafnríkiseftirlit

Fiskistofa tekur þátt í alþjóðasamstarfi um hafnríkiseftirlit bæði á vettvangi Norðvestur Atlantshafs fiskveiðistofnunarinnar (NAFO) og Norðaustur Atlantshafs fiskveiðinefndarinnar (NEAFC). Ákvæði reglna um hafnríkiseftirlit á við um komur erlendra skipa í samþykktar hafnir samningsaðila, með afla um borð sem veiddur var á NEAFC- eða NAFO-veiðisvæðum og hefur ekki áður verið landað eða umskipað í höfn. Fiskistofa hefur skuldbundið sig til að sinna eftirliti í að lágmarki 15% tilfella með frosnum afurðum þegar um er að ræða löndun/umskipun erlendra skipa á Íslandi sem koma af veiðum á NAFO-veiðisvæðinu en 7,5% landana með frosnum afurðum og 5% landana fersks afla af NEAFC-veiðisvæðinu. Á árinu 2017 voru engar landanir erlendra skipa með afla af NAFO-veiðisvæðinu í íslenskum höfnum en 267 heimilaðar landanir erlendra skipa með afla af NEAFC-veiðisvæðinu og er það talsverð aukning frá árinu 2016 (220 landanir). Þess má geta að landanir með bæði frosnar afurðir og ferskan afla og eftirlit með þeim reiknast sem bæði löndun með ferskan afla og löndun með frosnar afurðir. Þannig var eftirlit í 7,9% tilfella með frosnum afurðum og 19,7% tilfella með ferskum afla, eins og kemur fram í töflu 5.8.

5.8 NEAFC hafnríkiseftirlit

Ár	2016			2017		
	Landanir /Umskipanir	Eftirlit	Hlutfall	Landanir/Umskipanir	Eftirlit	Hlutfall
Frosin afli	100	9	9,3%	130	11	7,9%
Ferskur afli	112	9	8,3%	128	27	19,7%
Frosin og ferskur afli	8	1		9	0	
Samtals	220	19		267	38	

Hlutverk eftirlitsmanna felur m.a. í sér að fylgjast með lönduninni frá upphafi til enda, gera samanburð á magni og tegundum sem tilkynnt var um af viðkomandi skipi og lönduðum afla. Helsti tilgangurinn er að koma í veg fyrir „ólögmætar veiðar“ sem og brot á ákvæðum reglna um hafnríkiseftirlit. Brot á ákvæðum reglna um hafnríkiseftirlit eru t.d. ófullnægjandi merkingar á frystum afla, landanir án samþykkis hafnríkisins og misræmi á milli áætlaðs afla og landaðs afla. Fjöldi brota sem tilkynntur var til NEAFC og fánaríkja þeirra skipa sem áttu í hlut var eftirfarandi á árinu 2017:

5.9 Brotkastverkefni

Ár	Mælt í landi		Mælt á sjó		Samtals
	Þorskur	Ýsa	Þorskur	Ýsa	
2016	32.634	10.985	64.971	17.799	126.389
2017	31.865	17.009	74.364	2.884	126.122
Samtals	64.499	27.994	139.335	20.683	252.511

- 2 brotaskýrslur vegna landana án heimildar hafnríkis
- 6 brotaskýrslur vegna misræmis á áætluðum afla og lönduðum afla
- 1 brotaskýrsla vegna ófullnægjandi merkinga á frystum afla.



6. Útflutningur

Fiskistofa safnar upplýsingum um magn og verðmæti þess afla sem fluttur er óunninn á erlenda fiskmarkaði. Alls voru 33.506 tonn flutt út á árinu.

Lönd og magn

Í töflu 6.1 má sjá yfirlit yfir útflutning á óunnum ísuðum afla eftir tegundum og löndum árið 2017 og 2016. Eins og sést þar var aukning í útflutningi til Bretlands og Frakklands en samdráttur í útflutningi til Þýskalands.

Útgáfa vottorða

Fiskistofa hefur um nokkurra ára skeið borið ábyrgð á að gefa út veiði- og vinnsluvottorð sem nauðsynleg eru við útflutning á sjávarafurðum og staðfesta að afurðirnar eigi uppruna sinn í löglegum veiðum. Evrópusambandið skilgreindi kröfur um þetta efni á sínum tíma og vottorðin eru sniðin að tilskipun þaðan en það færist æ meir í aukana að gerð er krafa um þessi vottorð til útflutnings til landa utan ESB. Þannig eru þessi vottorð t.d. nauðsynleg á mikilvægum mörkuðum í Austur-Evrópu og víða í Asíu. Frá áramótum 2018 gera bandarísk

6.1 Útflutningur á óunnum fiski eftir sölulöndum 2016 og 2017 (tonn)

Fisktegund	Alls 2017	Bretland	Danmörk	Frakkland	Færeyjar	Þýskaland	Aðrir
Þorskur	6.411	6.023	0	201	0	173	13
Ýsa	3.892	3.872	0	5	0	1	14
Ufsi	1.822	45	119	352	122	1.185	0
Lýsa	235	222	1	11	0	1	0
Karfi / Gullkarfi	11.398	606	25	2.933	0	7.831	3
Langa	685	516	0	97	0	71	0
Blálanga	156	27	0	18	0	112	0
Keila	50	3	0	42	0	5	0
Steinbítur	2.244	717	40	695	0	647	146
Hlýri	108	16	4	44	0	44	0
Skötuselur	90	54	0	22	0	14	0
Skata	9	8	0	0	0	0	0
Grálúða	844	8	0	775	0	61	0
Skarkoli	2.609	2.445	21	12	0	12	119
Þykkvalúra / Sólkoli	693	680	0	2	0	6	4
Langlúra	176	145	0	27	0	4	0
Stórkjafra / Öfugkjafra	109	86	0	0	0	24	0
Djúpkarfi	1.820	8	0	106	0	1.706	0
Aðrar tegundir	155	15	0	138	0	3	0
Samtals	33.506	15.496	210	5.477	122	11.902	299

Fisktegund	Alls 2016	Bretland	Danmörk	Frakkland	Færeyjar	Þýskaland	Holland	Aðrir
Þorskur	4.179	3.647	301	15	45	165	6	0
Ýsa	3.513	3.413	94	0	1	5	0	0
Ufsi	924	7	29	127	46	671	17	27
Lýsa	220	206	0	14	0	0	0	0
Karfi / Gullkarfi	10.844	880	9	851	44	9.000	56	5
Langa	965	183	0	35	0	82	0	665
Blálanga	161	112	0	2	0	47	0	0
Keila	31	21	0	0	0	11	0	0
Steinbítur	2.601	1.719	13	102	0	697	70	0
Hlýri	101	45	8	0	0	36	12	0
Skötuselur	68	35	3	1	0	19	9	0
Skata	19	12	7	0	0	0	0	0
Grálúða	493	27	1	387	5	72	1	0
Skarkoli	1.974	1.492	400	9	0	5	69	0
Þykkvalúra / Sólkoli	825	655	76	2	0	12	79	0
Langlúra	57	36	0	0	0	1	20	0
Stórkjafra / Öfugkjafra	41	19	0	20	0	1	0	0
Sandkoli	27	27	0	0	0	0	0	0
Djúpkarfi	2.425	8	6	57	0	2.354	0	0
Aðrar tegundir	57	27	21	8	0	1	0	0
Samtals	29.524	12.570	968	1.630	140	13.177	340	697

stjórnvöld kröfu um svipuð vottorð vegna innflutnings þangað á nokkrum tegundum, þ.á m. þorski. Fiskistofa vann að því í samvinnu við hagsmunaaðila og stjórnvöld að koma upp rafrænni útgáfu vottorða vegna viðskiptanna við Bandaríkin og var það tilbúið tímanlega fyrir árslok.

Á árinu 2017 voru gefin út 27.560 rafræn veiðivottorð sem er tæplega 11% fækkun frá fyrra ári. Útgefin vinnslu-

vottorð 2017 voru 641 og fjölgaði þeim um tæp 8% á milli ára.

Frá árinu 2007 hefur Fiskistofa séð um útgáfu á leyfum til út- og innflutnings á afurðum sjávardýra sem heyrja undir svonefndan CITES-samning. Á árinu gaf Fiskistofa út 25 slík leyfi en á árinu 2016 voru þau 16 talsins. Aðallega var um útflutning á hvalaafurðum að ræða bæði til vísindaiðkunar og sölu.




7. Lax- og silungsveiði


Hafrannsóknastofnun safnar upplýsingum um veiði á laxi og silungi í umboði Fiskistofu og gefur árlega út skýrslu með samantekt um veiðina. Samkvæmt bráðabirgðatölum yfir stangveiði á laxi sumarið 2017 veiddust um 46.500 laxar (Tafla 7.1). Í heild var fjöldi stangveiddra laxa um 10% yfir langtímameðaltali árána 1974–2016 sem er 41.880 laxar. Veiðin 2017 var um 6.800 löxum minni en hún var 2016, þegar 53.329 laxar veiddust á stöng. Tafla 7.2 sýnir netaveiði á laxi til 2016. Í tölum um heildarlaxveiði eru þeir laxar sem upprunnir eru úr sleppingum gönguseiða og einnig þeir laxar sem er sleppt aftur í stangveiði (veitt og sleppt). Laxar úr

gönguseiðasleppingum eru viðbót við náttúrulega framleiðslu ána og þegar veitt er og sleppt í stangveiði veidast sumir fiskar oftast en einu sinni. Til að fá samburð við fyrri ár var metið hver laxveiðin hefði orðið ef engu hefði verið sleppt aftur og veiði úr sleppingum gönguseiða var einnig dregin frá. Sú niðurstaða leiðir í ljós að stangveiði á laxi 2017 hefði verið um 37.000 laxar, sem um rétt um meðalveiði villtra laxa. Þekkt er að hnúðlax (bleiklax) hafi veiðst í ám á Íslandi, en það gerðist fyrst árið 1960 svo vitað sé. Fyrir síðasta sumar hafði hnúðlax veiðst í öllum landshlutum, en aldrei hafði fjöldi þeirra verið verulega mikill (mest 9 hnúð-

7.1 Fjöldi stangveiddra laxa á Íslandi 1974–2017 skipt í aflu, veitt og sleppt og aflu úr sleppingum gönguseiða



7.2 Netaveiði á laxi 1974 til 2016



laxar 2015). Sumarið 2017 fékk Fiskistofa og Hafrannsóknastofnun fjölda tilkynninga um að hnúðlaxar hefðu veiðist. Heildarfjöldi hnúðlaxa sem tilkynnt var um að hefðu veiðst á Íslandi var um 70 sumarið 2017. Einnig varð mikil fjölgun á veiddum hnúðlögum í öðrum löndum við Norður Atlantshaf. Hnúðlax var fluttur frá Kyrrahafi og sleppt til hafbeitar í ár á Kolaskaga í Rússlandi. Síðan þá hefur hann myndað þar stofna og nú eru einnig komnir stofnar í ám í Norður-Noregi. Ekki er ljóst hvað skýrir mikla fjölgun hnúðlaxa í Norður Atlantshafi nú, en það gæti stafað af því að skilyrði í sjó hafi verið hnúðlaxi hagstæð. Ekki er vitað hvort hann komi til með að mynda stofna hér á landi en rétt er að fylgjast vel með þeirri framvindu sem og hvort hann geti haft áhrif á stofna laxfiska í ám hér á landi.

Vorið 2009 hófst samstarf milli Veiðimálastofnunar og Fiskistofu um hönnun á forriti til notkunar við rafræna skráningu í veiðibækur. Hugsunin er sú að þeir sem ábyrgð bera á veiðiskráningu fái aðgang að sérstökum gagnagrunni til skráningar. Fiskistofa fékk það hlutverk að hanna slíkan gagnagrunn en Veiðimálastofnun skipulagði og fylgdist með notkun hans í lykilám. Eldri veiðupplýsingar hafa verið lesnar inn í gagnagrunnin þannig að nú er þar að finna heildstæðar upplýsingar um veiði í íslenskum ám undanfarna áratugi. Sumarið 2017 var áttunda sumarið sem laxveiði var skráð í þennan rafræna gagnagrunn. Þegar rafræn skráning verður orðin almenn hjá veiðifélögum, eins og stefnt er að, mun það spara mikla vinnu við innslátt gagna sem Hafrannsóknastofnun annast. Sú breyting hefur átt sér stað að upplýsingateknimenn sem önnuðust gerð hugbúnaðarins eru nú starfsmenn Hafrannsóknastofnunar. Áframhaldandi þróun á viðmóti til að taka við og miðla upplýsingum um lax- og silungsveiði verður þó áfram samstarfsverkefni Hafrannsóknastofnunar og Fiskistofu. Eins og áður verður veiðibókum úthlutað til veiðifélaga og upplýsingum um veiði safnað í þær við veiðiar.

Á árinu voru seld 400 útvortis slöngumerki til að merkja laxfiska ásamt 90.000 örmerkjum vegna seiðasleppinga og rannsókna tengdum þeim. Kaupendur voru bæði ýmsir sem rannsaka fisk í ám og vötnum og stangveiði eða veiðifélög vegna sleppinga á veiddum laxi í ár. Skila skal skýrslu um notkun merkjanna til Fiskistofu. Á haustdögum 2016 og í byrjun árs 2017 bárust 312 örmerkja-snoppur til Hafrannsóknastofnunar og Laxfiska ehf til aflestrar vegna laxa sem veiddust árið 2016. Einnig bárust frá veiðimönnum um 30 útvortis merki. Lesin merki eru færð í gagnagrunn sem borinn er saman við merkjagrunn til að fá nánari upplýsingar um sleppihópa sem viðkomandi merki tilheyra. Upplýsingar um merkta laxa eru sendar til Alþjóða hafrannsóknaráðsins (ICES). Samtals örmerktu Hafrannsóknastofnun og Laxfiskar ehf 53.397 laxaseiði 2016 sem síðan komu fram í veiðum 2017 sem eins árs lax. Um 11% laxaseiðanna voru af náttúrulegum uppruna (ekki eldisseiði).

Á undanförunum árum hefur Fiskistofa veitt útdráttarverðlaun fyrir veiðimenn sem skilað hafa inn fiskmerkjum. Megintilgangur verðlaunanna er að hvetja veiðimenn til að skila merkjum úr laxfiskum en endurheimtur á merktum fiskum geta gefið mikilvægar upplýsingar um líffræði þeirra og atferli. Fiskistofa mun veita slík verðlaun vorið 2018.

Veiðifélög og veiðivarsla.

Samkvæmt VI. kafla laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði ber Fiskistofa ábyrgð á því að stofnun veiðifélaga og starfsemi þeirra sé í samræmi við lög. Þannig staðfestir hún og birtir samþykktir og arðskrár veiðifélaga í Stjórnartíðindum. Stofnuninni ber einnig að úrskurða ef upp kemur ágreiningur innan félags um ákvarðanir og stjórnarhætti. Á árinu voru ellefu samþykktir veiðifélaga til umfjöllunar og voru fimm þeirra sendar til birtingar í Stjórnartíðindum en ekki reyndist unnt að afgreiða hinar sex þar sem forsendur skorti. Á árinu voru fjórar nýtingaráætlanir veiðifélaga staðfestar af Fiskistofu. Í þeim koma fram þær reglur sem veiðifélög hafa sett með það að markmiði að viðhalda sjálfbærum lax- og silungsveiðum í ám og vötnum. Í nýtingaráætlunum er tiltekið leyfilegt veiðialag og gefinn upp fjöldi stanga eða neta sem heimilt er að nota. Miðað er við að stangafjöldi sé bundinn til átta ára en hvers konar friðunaraðgerðir eru ótímabundnar og háðar ákvörðun veiðifélags hverju sinni. Öllum veiðifélögum ber að setja sér nýtingaráætlun. Enn eiga mörg veiðifélög eftir að skila nýtingaráætlunum, einkum fyrir veiði í sjóbirtings- og sjóbleikjuám. Eitt mál barst Fiskistofu vegna ágreinings um lögmæti ákvörðunar í veiðifélagi.

Fiskræktarsjóður er sjálfstæður sjóður sem hefur það hlutverk að veita lán og styrki til að efla fiskrækt, bæta veiðiaðstöðu og styðja við rannsóknir í ám og vötnum. Samkvæmt lögum nr. 72/2008 um Fiskræktarsjóð annast Fiskistofa álagningu og innheimtu gjalds frá veiðifélögum. Að öðru leyti fer stjórn sjóðsins með fjármál hans og úthlutar árlegum styrkjum vegna ýmissa verka. Núverandi formaður sjóðsins er Páll Árni Jónsson. Á vef Fiskistofu eru nánari upplýsingar um sjóðinn og skrá yfir úthlutanir Fiskræktarsjóðs fyrir árið 2017 og fyrri ár.

Skipulagsmál, mannvirkjagerð og efnistaka

Fiskistofa gefur út leyfi vegna framkvæmda við ár og vötn. Mörg erindi berast sem snúa að efnistöku. Þegar um minniháttar malartekju úr áreyrum hefur verið að ræða, og ekki er talið að lífríki skaðist, hefur landeigendum verið veitt heimild til langs tíma, allt að 5 árum. Sama gildir um árlega lagfæringu á farvegum ána og veiðivegum á vorin fyrir veiðitíma. Nokkuð er um að efnistaka fari fram í óleyfi, en það eykur hættu á því að skaði hljóti af. Þegar ábendingar koma fram um slíkt hefur Fiskistofa rannsakað málin og látið stöðva fram-

kvæmdir eftir atvikum. Árið 2017 voru 74 mál til umfjöllunar og var 61 leyfi veitt vegna margvíslegra framkvæmda við ár og vötn.

Fiskistofa veitir ýmsum umsagnir: Orkustofnun vegna leyfisveitinga, Skipulagsstofnun vegna mats á umhverfisáhrifum og sveitarfélögum vegna skipulagsmála þegar framkvæmdir geta haft áhrif á lífríki í ám og vötnum. Á árinu 2017 voru afgreidd á þriðja tug slíkra erinda.

Eftirlit með veiðum á laxfiskum

Fiskistofa gefur út skipunar- og erindisbréf til veiðivarða sem veiðifélög ráða til sín, en með þeim fá veiðiverðir m.a. heimild til að leggja hald á ólögleg veiðitæki og afla. Alls voru 40 slík bréf gefin út á árinu. Mörg veiðifélög sækja ekki um skipunar- og erindisbréf fyrir veiðiverði sína og því hafa þeir ekki heimildir sem gagnlegt væri að hafa í því starfi. Auk veiðivarða veiðifélaga réði Fiskistofa eftirlitsmann yfir sumarmánuðina, einkum til að kanna netalagnir í sjó í samvinnu við almenna eftirlitsmenn Fiskistofu. Einnig var haft samstarf við Landhelgisgæsluna vegna eftirlits með lax- og silungsveiðum og gaf það góða raun. Hald var lagt á net í Selvík á Skaga og málið kært til lögreglu. Gerð var athugasemd við netalagnir við Holtsós undir Eyjafjöllum og einnig vegna netalagna við Skagaströnd. Afskipti voru höfð vegna búnaðar til netalagna við Rauðanes við Borgarfjörð.

Lax- og silungsveiðisvið Fiskistofu hefur það hlutverk að bregðast við og stjórna veiðum ef slyaslepping verður úr fiskeldi. Í febrúar 2017 barst tilkynning frá Arctic Fish um að við slátrun á regnbogasilungi hafi gat fundist á botni nótar fyrirtækisins á Haukadalsbót í Dýrafirði. Ekki hafði orðið vart við gatið í köfunareftirliti. Viðbragðsáætlun var virkjuð en enginn fiskur veiddist í netin. Fiskistofa sendi eftirlitsmann á vettvang sem staðfesti að viðbragðsáætlun hefði verið virkjuð. Árið 2016 hafði orðið vart við regnbogasilung víða á Vestfjörðum en samkvæmt upplýsingum frá Matvælastofnun voru þeir af annarri stærð en fiskarnir sem var að finna í umræddri kví og því getur ekki verið að tilkynnt gat tengist því máli.

Í ágúst fékk Fiskistofa ábendingu um að mikið magn af bleikju væri að finna í Hæðarlæk í Skaftárhreppi við eldisstöð Tungulax ehf. Eftirlitsmaður Fiskistofu fór á vettvang og staðfesti að fjöldi fiska kynni að nema þúsundum. Veiðimenn voru þar við veiðar og báru veiddar bleikjur þess merki að vera eldisfiskar. Fiskistofa gerði rekstrarleyfishafa, Tungulaxi ehf., viðvart um málið og hóf aðgerðir til að veiða eldisfiska úr Hæðarlæk. Tilkynnti Fiskistofa um málið til Matvælastofnunar og viðkomandi veiðiréttareigenda. Alls veiddust 5.110 bleikjur í aðgerð Fiskistofu sem stóð í eina viku.

Í september barst Fiskistofu ósk frá formanni Landsambands veiðifélaga um að kannað yrði hugsanlegt umfang af eldisfiski í ám sem liggja nærri svæðum þar sem sjókvíaeldi er stundað. Fiskistofa hefur ekki þá laga-skyldu að sinna slíkum athugunum, eða beinar fjárveitingar til að sinna þeim. Þó var ákveðið að verða við óskinni og gerð var athugun á Vestfjörðum dagana 3. og 4. október í samráði við viðkomandi veiðiréttareigendur. Ár voru kannaðar frá útsýnisstöðum og einnig var dróni notaður til að athuga hvort fiska væri að sjá í þeim ám sem kannaðar voru. Veitt var með stöng og í net. Farið var að Mjólka og Dynjandísá í Arnarfirði, Sandá og Botnsá í Dýrafirði, Staðará í Súgandafirði, Hestfjarðará í Hestfirði og Laugardalsá í Ísafjarðardjúpi. Mjög lítið sást af fiski í eftirlitsferðinni. Tveir laxar með eldis-einkenni veiddust í Mjólka og voru þeir sendir til athugunar á Hafrannsóknastofnun. Ekki veiddust aðrir fiskar í ferðinni.

Í nóvember barst Fiskistofu ábending um það að gat hefði fundist á kví fyrirtækisins Laxar fiskeldi. Fiskistofa sendi eftirlitsmenn á vettvang sem spurðust fyrir um málið. Fiskistofa fór fram á það að fyrirtækið gerði grein fyrir málinu formlega og barst í framhaldi tilkynning frá fyrirtækinu um að vinkillaga gat (30×40cm) hefði fundist á kví fyrirtækisins í Reyðarfirði, en ekki væri grunur um að fiskar hefðu sloppið út. Viðbragðsáætlun var virkjuð en enginn lax veiddist í net sem lögð voru nærri umræddri kví.



8. Meðferð mála og úrskurðir

Fiskistofa annast framkvæmd laga um stjórn fiskveiða og eftirlit með fiskveiðum, svo sem nánar er kveðið á um í lögum. Veiðieftirlitsmenn stofnunarinnar sinna eftirlitsstörfum á vettvangi, en hluti af eftirlitinu fer fram með rafrænum hætti. Þegar grunur vaknar um að brot hafi verið framið gegn fiskveiðistjórnunarlöggjöfinni er málinu jafnan skotið til lögfræðisviðs Fiskistofu til framhaldsmeðferðar, verði málinu ekki lokið með einfaldari hætti.

Brotamál

Á árinu 2017 vaknaði grunur um brot gegn lögum og reglum á sviði fiskveiðistjórnunar í rúmlega 890 tilvikum. Þar af voru 719 mál vegna vanskila á afladagbókum. Um 1200 mál voru til afgreiðslu vegna veiða umfram eða án aflaheimildar, en þau teljast, strangt tiltekið, ekki öll til beinna brotamála. Í töflu 8.1 má sjá sundurgreiningu á tegundum brotamála.

8.1 Yfirlit yfir brotamál

Brot gegn reglum um löndun	52
Framhjálöndun	5
Brot vigtunarleyfishafa	10
Undirmál rangt flokkað	9
Röng tilgreining tegunda	11
Annað	17
Brottkast	8
Brot gegn reglum um veiðileyfi	36
Brot við grásleppuveiðar	19
Brot við strandveiðar	10
Afladagbókarbrot	719
Vanskil á afladagbókum	674
Annað	45
Umframaflabrot	1201
Brot á lögum um lax- og silungsveiði	1
Önnur brotatilvik	45

Meðferð mála

Á árinu 2017 var 220 málum vísað til lögfræðisviðs og frekari meðferðar, þar sem grunur lék á að brot hefði verið framið gegn fiskveiðistjórnarlöggjöfinni. Málsmeðferð lauk í 174 þeirra á árinu, auk 20 annarra mála sem ólokið var frá fyrra ári. Við árslok 2017 voru 46 mál enn til meðferðar hjá lögfræðisviði. Meðferð brotamála getur lokið með ýmsum hætti. Málsmeðferð kann að vera hætt þannig að ekkert verði aðhafst og mál fellt niður, en málum getur einnig lokið með beitingu stjórnisýsluviðurlaga, sem eftir atvikum geta falið í sér áminningu, veiðileyfissviptingu eða afturköllun vigtarleyfis. Lítil hluti brotamála er kærður tillöggreglu.

Í töflu 8.2 er að finna yfirlit yfir tegundir brotamála semtil meðferðar voru ásamt upplýsingum um niðurstöður málanna og málalok.

8.2 Meðferð mála

Brotamál	
Brot gegn reglum um veiðar	97
Brot gegn reglum um vigtun og skráningu afla	71
Brot gegn reglum um afladagbók	45
Brot gegn reglum um vinnslu afla	0
Mál kærð til löggreglu	1
Áminningar	96
vegna brota gegn reglum um veiðar	50
vegna brota gegn reglum um vigt og skráningu	12
vegna brota á reglum um afladagbók	33
annað	3
Veiðileyfissviptingar á grundvelli brotamáls	31
Afturköllun vigtunarleyfis	4
Leiðbeiningarbréf	6
Ekkert aðhafst/mál fellt niður	33
Mál sent öðru stjórnvaldi	1
Málsmeðferð enn í gangi	46
Afhent veiðieftirlitssviði aftur	2
Innheimtumál	
Ítrekunarbréf vegna ógreiddra veiðigjalda á árinu 2017	231
Veiðileyfissviptingar	89
Álagning gjalds vegna ólögmeðs sjávarafla	1201
Veiðileyfissviptingar	25



9. Álagning og innheimta

Fiskistofa annast álagningu og innheimtu veiðigjalda, skv. lögum um veiðigjöld nr. 74/2012 og gjalds vegna ólögmæts sjávarafli, skv. lögum nr. 37/1992. Þá annast Fiskistofa innheimtu fiskræktarsjóðsgjalds og nam það tæplega 15 milljónum króna á árinu.

Veiðigjald

Veiðigjald er lagt á landaðan afla og er það innheimt mánaðarlega fyrir næstliðinn mánuð. Veiðigjald er tiltekin krónutala á hvert kg landaðs afla, mismunandi eftir fisktegundum. Sjá álögð veiðigjöld í töflu 9.1.

Ólögmætur sjávarafli

Fiskistofa leggur á gjald vegna ólögmæts sjávarafli á grundvelli laga nr. 37/1992 og annast innheimtu gjalds-

ins f.h. Verkefnasjóðs sjávarútvegsins (tafla 9.2). Við almenna álagningu gjaldsins er fiskveiðiárinu skipt í fjögur þriggja mánaða tímabil og hvert tímabil er gert upp sér. Fiskistofa hefur einnig með höndum álagningu gjalds vegna ólögmæts afla strandveiðibáta. Þegar um strandveiðar ræðir er lagt á gjald sem nemur verðmæti þess afla sem er umfram 650 þorskígildiskiló í veiðiferð. Gjaldinu er skipt hlutfallslega eftir tegundum. Álagning fer fram mánaðarlega. Tilkynningar um álagningu vegna strandveiða á árinu 2017 voru alls 1.165 og fækkaði um 193 frá 2016 eða um rúmlega 14,2%. Nam upphæð gjaldsins sem lagt var á 23,4 milljónum kr. sem er samdráttur upp á 15,4 milljónir eða tæp 40%. Í töflu 9.3 má sjá fjölda báta sem fengu álagningu eftir mánuðum og upphæð þess gjalds sem lagt var á þá.

9.1 Álagning veiðigjalda (fjárhæðir í milljörðum kr.)

Veiðigjöld	2015/2016*	2016/2017
Almennt veiðigjald	8,7	5,7
Afsláttur (gjaldfrjáls veiði)	0,2	0,2
Lækkun skv. bráðabirgðaáákvæði	1,3	0,9
Inneign frá fyrra ári (v. Kerfisbreytingar)	0,3	
Alls álögð veiðigjöld ársins	6,9	4,6

* Álagning veiðigjalda á fyrra fiskveiðiári (2014/2015) eftir eldri reglum veldur um 300 m.kr. lækkun á veiðigjaldi ársins til þess að forðast tvöfalt veiðigjald á aflamark sem flyst milli ára. Þá er nú eingöngu um eitt veiðigjald að ræða en ekki bæði almennt og sérstakt gjald eins og áður var. Lækkun gjaldsins um 1,3 milljarða byggist á reglu sömu gerðar og gilti um rétt til lækkunar á sérstöku veiðigjaldi áður.

9.2 Álagning og innheimta sérstaks gjalds vegna ólögmæts sjávarafli

	2014	2015	2016	2017
Fjöldi mála á árinu	153	95	65	36
Heildarálagning kr.	31.388.775	15.844.682	972.558	21.039.769
Heildarinnheimta kr.	19.765.318	4.983.578	966.331	20.532.981

9.3 Álagning í strandveiðum 2017

Mánuður	Fjöldi álagninga	Heildarupphæð (kr)	Meðal álagning í mánuði (kr)
Maí	250	5.086.430	20.346
Júní	289	5.463.238	18.904
Júlí	341	7.032.548	20.623
Ágúst	285	5.827.061	20.446
Samtals	1.165	23.409.277	20.094



10. Mannauður

Störf og starfsmannavelta

Hinn 31. desember 2017 voru starfsmenn Fiskistofu 61 talsins í 60 stöðugildum á 6 starfsstöðvum um landið en ekki hafði verið gengið frá ráðningu í nokkur störf um áramót. Starfsmannavelta Fiskistofu árið 2017 var 16,4% en starfsmannavelta er skilgreind sem hlutfall þeirra starfsmanna sem hætta störfum á viðkomandi ári af heildarfjölda starfsmanna í árslok. Starfsmannavelta á árinu var talsvert hærri en búist var við og liggur skýringin í því að Hafransóknastofnun óskaði eftir að slíta samningi á sviði upplýsingatækni sem hefur verið í gildi frá stofnun Fiskistofu. Varð samkomulag á milli stofnananna sem og hlutaðeignandi starfsmanna að fimm starfsmenn Fiskistofu færðust til Hafransóknastofnunar. Í reynd þýddi þetta fækkun 3 stöðugildi hjá Fiskistofu þar sem ekki hafði verið ráðið í þau störf sem urðu til við þessa breytingu um áramót. Í ljósi þessarar stóru breytingar er gert ráð fyrir að starfsmannaveltan verði talsvert lægri á árinu 2018.

Eftirtaldir fastráðnir starfsmenn létu af störfum á árinu:

Björn Darri Sigurðsson, Björn Guðjónsson, Gunnar Örvarsson, Hrannar Már Hafberg, Hörður Hauksson, Jóhanna Vilhjálmstöttir, Jón Már Halldórsson, Ómar Þórsson, Sigurður Dagbjartsson og Viktor Þórir Ström.

Starfsþróun og þekkingarmiðlun

Mikil auðlind felst í þeirri fjölbreyttu þekkingu og menntun sem starfsfólk Fiskistofu býr yfir en 44,3% starfsmanna Fiskistofu hafa grunnháskólagráðu eða frekari menntun. Stór hluti annarra starfsmanna hefur skipstjórnarmenntun, fiskiðnaðarmenntun, stúdentspróf eða iðnmenntun. Fiskistofa leggur m.a. áherslu á að starfsmenn þróist í starfi, að þekkingin sé eftir mætti fönguð í ferla og að starfsmenn miðli þekkingu sín á milli. Í því ljósi var lokið við gerð starfsþróunarstefnu á vordögum þar sem skýr vilji stofnunarinnar til virkrar þekkingarmiðlunar var settur fram og leiðir, ábyrgð og verklag endurskoðað.

Árið 2017 var annað árið sem fræðsluáætlun Fiskistofu var virk og var m.a. boðið upp á eftirfarandi innanhúsnámskeið: Fjóra Excel-hópa sem hver hittist mánaðarlega, þrjú námskeið í notkun á Office 365, kennsla á nýtt gæðakerfi, tvö námskeið um stjórnsýslulögin og námskeið í verkefnastjórnun. Einnig voru námskeið um samskipti í litlum hópi sem og fyrsta námskeið af nokkurra námskeiða röð sem ber heitir „Starfsmaðurinn ég – að gera gott betra“.

Haldin voru þrjú námskeið ætluð stjórnendum: LEAN, frammistöðumat og námskeið um skilvirk stjórnenda-

teymi. Hafist var handa við að taka upp fyrirlestra og fræðslu svo að það sé ávallt aðgengilegt þeim starfsmönnum sem ekki hafa tök á að sitja fræðsluna og hefur það gengið vel.

Allir starfsmenn Fiskistofu hittust tvisvar sinnum á árinu á starfsdegi. Sá fyrri var haldinn í Dalshrauni 7. apríl. Dagurinn hófst á hópefli, í framhaldinu voru kynnt ýmis verkefni, s.s. tilraunaverkefni um breytingu á vinnutíma, starfsþróunarstefna Fiskistofu og fræðsluáætlun, rafræn stjórnsýsla, innri vefur, þátttaka á sjávarútvegs-sýningunni og kynning á stefnumótunarvinnu sem hefur verið unnin með ráðuneytinu. Eftir hádegi var svo námskeið í að vera góður nær og fjær vinnufélagi.

Seinni starfsdagur ársins var svo haldinn 15. nóvember í Sjávarútvegshúsinu á Skúlagötu en þann dag var 25 ára afmæli Fiskistofu jafnframt fagnað. Starfsdagurinn hófst á klukkutíma hópefli. Því næst voru nokkrar nýjungar kynntar, s.s. innleiðing á nýju skjalakerfi. Í framhaldinu var kynning á stefnumótun sem Fiskistofa var að hefja og eftir hádegi voru hópar að störfum við stefnumótun. Dagurinn endaði svo á gleði í tilefni afmælisins.

Fjöldmargir starfsmenn sóttu svo sjávarútvegsýninguna þar sem Fiskistofa var þátttakandi og einnig sótti stór hópur sjávarútvegsráðstefnuna.

Fræðslustundir héldu áfram göngu sinni, en almennt er um jafningjafraðslu að ræða, þ.e. að starfsmenn fræða samstarfsmenn sína um margvísleg málefni, bæði tengd vinnunni og öðrum eignum. Þannig voru 8 slíkar stundir haldnar á árinu.

Margvísleg önnur símenntun átti sér stað: Starfsmenn sóttu ráðstefnur erlendis, nýttu sér aðgang að fræðslu sem Fiskistofa hefur keypt aðgang að, s.s. hjá Stjórnvísi. Margir starfsmenn sóttu námskeið á sínu sérsviði, en samþykkt voru um 30 slík námskeið á árinu, þá nýttu starfsmenn sér vefyfyrirlestra og óformlega fræðslu á sviðs- og stjórnendafundum svo dæmi sé tekið.


Sjöunda september var hátíð en þá hófu starfsmenn Fiskistofu notkun á Workplace sem samskiptamiðli innanhúss. Notkunin varð strax mikil og almenn og hefur gagnvirkni upplýsingarmiðlunar aukist til muna.

Jafnrétti er mikilvægur þáttur hjá Fiskistofu og var jafnréttisstefnan tekin upp og endurskoðuð ítarlega á árinu.

Tölulegar upplýsingar varðandi mannaúð og þróun

Meirihluti starfsmanna Fiskistofu eru karlar eða 70,5% starfsmanna (sjá mynd 1). Í yfirstjórn Fiskistofu eru 4 karlar og 2 konur. Meðalaldur starfsmanna Fiskistofu er

10.1 Kynjahlutfall starfsmanna Fiskistofu




52,4 ár en meðalaldur kvenna er um 6 árum lægri en karla. Um 39% starfsmanna eru fimmtugir eða yngri og er meðalaldur þeirra kvenna um þremur árum lægri en karlanna. Um 22% starfsmanna Fiskistofu eru 61 árs eða eldri.

Meðalstarfsaldur starfsmanna Fiskistofu er 8,8 ár og hefur lækkað um rúmt ár á milli ára.

Starfsmönnum og stöðugildum hefur fækkað mikið síðasta áratug eða úr 80 í 61 (mynd 2). Ljóst er að starfsmannafjöldi eykst á ný á árinu 2018 og hófu þrír nýir starfsmenn störf í upphafi árs 2018. Tæknin hefur leyst hluta af störfum, ferlar hafa verið einfaldaðir, störf hafa verið endurskipulögð og hluti starfsmanna hefur tekið að sér fleiri verkefni.

Fiskistofa auglýsti á árinu 5 störf laus til umsóknar. Ráðið var í þrjú störf á Akureyri og tvö í Hafnarfirði.

10.2 Þróun starfsmannafjölda og stöðugilda frá árinu 2008



11. Upplýsingatækni

Frá stofnun hefur Fiskistofa annast upplýsingatæknimál fyrir Hafrannsóknastofnun. Í upphafi fóru þeir starfsmenn sem sinnt höfðu þessum málum hjá Hafrannsóknastofnun yfir til Fiskistofu. Síðan hefur margt breyst og upplýsingatæknisviðið hefur eflst og starfsfólki fjölgað í takti við umfang verkefna og aukna áherslu á upplýsingatækni í rekstri stofnananna.

Um mitt ár ákvað Hafrannsóknastofnun að slíta þessu samstarfi. Í kjölfarið fluttust fimm starfsmenn upplýsingatæknisviðs Fiskistofu til Hafrannsóknastofnunnar.

Þar sem uppbygging upplýsingatækni stofnanna hefur þróast með þarfir beggja aðila í huga er flókið mál að aðgreina netkerfi og þar að auki eru gagnagrunnar að hluta sameiginlegir. Mikil vinna hefur því farið í þessa aðgreiningu. Þrátt fyrir þetta hefur náðst árangur á ýmsum sviðum.

Í byrjun árs var Office365 innleitt, en það er allsherjar fyrirtækjalausn frá Microsoft. Office365 býður upp á mikla möguleika í samvinnu sem hentar vel dreifðri stofnun eins og Fiskistofu. Ýmsir hópvinnumöguleikar nýtast vel við samstarf milli starfstöðva og minnka þörf á ferðalögum landshluta á milli.

Workplace – Facebook at Work var innleitt í september og er óhætt að segja að starfsfólk hafi tekið þessum nýja

samfélagsmiðli vel. Reglulega berast nú fréttir og myndir frá öllum starfsstöðvum Fiskistofu sem og af vettvangi veiðieftirlitsmanna. Mikil stemning var kringum innleiðinguna sem tókst afar vel og gaf þessum miðli gott start og mikinn meðbyr meðal starfsfólks.

Á árinu var talsverð þróun í sérsmíðuðum hugbúnaði Fiskistofu. Helst ber að nefna nýtt nýtingarkerfi vinnsluskipa og millifærslukerfi. Millifærslukerfið gerir útgerðum kleift að millifæra veiðheimildir sín á milli án beinnar aðkomu Fiskistofu. Þetta einfaldar mjög alla vinnu og dregur úr pappírssamskiptum.

Ýmsar áskoranir bíða starfsfólks upplýsingatæknisviðs á næstu misserum. Byggja þarf upp netkerfi að nýju og endurskipuleggja rekstrarumhverfi í samræmi við þarfir Fiskistofu. Ljóst er að mæta þarf fækkun á starfsfólki með einhverjum hætti, annað hvort með nýráðningum eða verktökum. Mikil þekking hefur tapast með starfsmönnum sem fluttust til Hafrannsóknastofnunnar og tíma tekur að vinna þá þekkingu upp.

Í breytingum liggja líka tækifæri og ljóst að þessar hræringar opna ýmsa möguleika á framþróun og upp-töku nýrrar tækni. Mikilvægt er að vel takist að stýra þessum breytingum þannig að stofnunin standi sterkari eftir.



12. Rekstraryfirlit Fiskistofu 2017

Samkvæmt reikningum stofnunarinnar námu gjöldin á árinu 2017 rúmlega 1.001,5 milljónum króna. Hæsti útgjaldaliður stofnunarinnar eru laun og launatengd gjöld 73,3% af heildarútgöldum. Húsnæðiskostnaður var 9,97%, ýmiss kostnaður vegna þjónustu s.s. síma, prentun, póst-, tölvu- og kerfisfræðiþjónustu 6,67% og ferða-, funda- og dvalarkostnaður 5,94% og aðrir kostnaðarliðir 4,12%.

Vegna breytinga á reikningsskilareglum vegna gildistöku laga um opinber fjármál (LOF) eru nú nokkrar breytingar á gerð efnahags- og rekstarreikninga ríkisstofnana. Stærstu breytingarnar eru vegna eignfærslu varanlegra rekstrarfjármuna, en í dag eru varanlegir rekstrarfjármunir afskrifaðir í takt við endingartíma í stað þess að vera gjaldfærðir á kaupári. Einnig er nú tekið tillit til skuldfærslu orlofs og fyrirframgreidds kostnaðar.


Helstu eignakaup Fiskistofu á árinu 2017 voru kaup á tveimur bifreiðum, en á móti voru seldar tvær bifreiðar frá árinu 2010.

Framlag ríkisins til Fiskistofu á árinu 2017 nam tæplega 903,9 milljónum sem skiptist í framlag til rekstrar kr. 884,4 millj. og framlag til afskrifta kr. 19,5 millj. Tekjur stofnunarinnar námu 100,5 millj. Tekjurnar skiptast í sértekjur og aðrar rekstrartekjur, en markaðar tekjur renna nú beint til ríkissjóðs, en runnu áður til stofnunarinnar. Samhliða þessum breytingum eru nú nokkrir tekjuliðir sem flokkast undir aðrar rekstrartekjur, en voru flokkaðir með mörkuðum tekjum áður. Þar eru stærstu tekjuliðirnir eftirlit í lögsögu Íslands 35,9 millj. og flutningur á aflamarki og aflahlutdeild ásamt tilkynningu um stöðu aflaheimilda um 23,3 millj.


Hagnaður ársins 2017 nam tæplega 2,9 milljónum. Eigið fé Fiskistofu í ársbyrjun 2017 var 75,6 millj. og verður eigið fé í árslok 2018 því 78,5 milljónir.

Þar sem ekki er endanlega búið að ganga frá ársreikningi Fiskistofu hjá Fjársýslu ríkisins gætu einhverjar breytingar átt sér stað. Verði svo verður sett inn nýtt rekstraryfirlit.

Tekjur 2017



Gjöld 2017



Rekstrarstaða 2017		
Gjöld	2017	2016
Laun og launatengd gjöld	734.128.725	741.505.334
Húsnæði	99.871.463	89.230.516
Aðkeypt þjónusta	66.785.107	63.723.351
Akstur ferða og dvalarkostnaður	59.467.890	62.251.496
Afskriftir (Eignakaup 2016)	19.494.130	33.252.064
Rekstrarvörur	13.793.040	22.973.096
Rekstur bifreiða	7.631.963	8.356.521
Vextir, bætur, tilfærslur	356.216	274.302
Samtals gjöld	1.001.528.534	1.021.566.680
Tekjur		
Sértekjur	19.334.781	10.665.150
Aðrar rekstrartekjur	81.186.463	24.993.305
Markaðar tekjur	0	103.762.737
Tekjur Fiskistofu samtals	100.521.244	139.421.192
Framlag skv. fjárlögum ársins	903.865.765	763.400.000
– Framlag til rekstrar	884.371.635	
– Framlag til afskrifta	19.494.130	
Hagnaður/tap ársins	2.858.475	–118.745.488
Futt frá fyrra ári	75.617.512	194.363.000
Eigið fé í árslok:	78.475.987	75.617.512



Sundurliðun tekna 2017			
Tekjur		2017	2016
Sértekjur		19.334.781	10.665.150
Kostn.hlutd. í sameiginl. húsnæði	1.890.780		
Kostn.hlutd.í sameiginl. þjónustu	10.207.530		
Sala á bifreiðum	0		
Selt fæði	674.300		
Styrkir	3.549.280		
Sérvinnsla upplýsinga	0		
Tæki, búnaður, áhöld	900.000		
Tölvuvinnsla	0		
Aðrar tekjur	2.112.891		
Vaxtatekjur	0		
Aðrar rekstrartekjur		81.186.463	24.993.305
Aðgangur að gagnaveitu	726.944		
Vottorð og leyfi Fiskistofu	7.193.148		
Vigtunarleyfi Fiskistofu	2.957.000		
Leyfi til framkvæmda við ár og vötn	978.000		
Eftirlit í lögsögu	35.890.200		
Úttekt á búnaði v vinnslu um borð	108.000		
Úthl. aflaheimilda og byggðakv.	9.366.900		
Flutningur á aflamarki og aflahl.	19.192.331		
Tilkynning um stöðu aflaheimilda..	4.143.812		
Afladagbók		630.128	
Markaðar tekjur		0	103.762.737
Tekjur samtals:		100.521.244	139.421.192



13. Starfsmenn Fiskistofu 31. desember 2017

Eyþór Björnsson, fiskistofustjóri

Skrifstofa Fiskistofustjóra

Björn Jónsson

Björk Guðmundsdóttir, deildarstjóri

Elín Björg Ragnarsdóttir

Halla Björk Garðarsdóttir

Hildur Ösp Gylfadóttir, mannauðs- og fjármálastjóri

Hreiðar Eiríksson

Margrét Kristín Helgadóttir

Lax- og silungsviðisvið

Guðni Magnús Eiríksson, sviðsstjóri

Sumarliði Óskarsson

Upplýsingatæknisvið

Leifur Magnússon, sviðsstjóri

Anna Sigríður Vilhelmsdóttir

Baldvin Baldvinsson

Bryndís Vigfúsdóttir

Brynjólfur Þórisson

Steingrímur Guðjónsson

Svavar Ottesen Berg

Þórarinn Hólm Andrésson

Veðieftirlitssvið

Árni Dan Ármannsson

Áslaug Eir Hólmgeirsdóttir, sviðsstjóri

Hrannar Már Ásgeirsson

Njáll Ragnarsson

Sævar Guðmundsson, deildarstjóri – landeftirlit

Viðar Ólason, deildarstjóri – sjóeftirlit

Veðieftirlitsmenn

Árni Jón Erlendsson

Birgir Smári Karlsson

Björgvin Guðmundsson

Daníel Þorgeirsson

Eyþór Þórðarson

Hallvarður Guðni Svavarsson

Heimir Sigurður Karlsson

Ingólfur Ingólfsson

Jónína Hansen

Kristinn Ólafur Kristinsson

Ólafur Vilhjálmsson

Óli Þór Jóhannsson

Sigurjón Magnús Skúlason

Sigurpáll Sigurbjörnsson

Valdís Ásgeirsdóttir

Þorbergur Kjartansson

Þórarinn Traustason

Ölver Hjaltalín Arnarson

Örn Sævar Holm

Veðieftirlit – vinnsluskip

Ingibergur Sigurðsson

Lína Hildur Jóhannsdóttir

Sigurður Ásgeirsson

Þjónustu- og upplýsingasvið

Alma Sigurðardóttir

Anna Þormar

Baldvina Karen Gísladóttir

Guðbjörg Erla Ingólfssdóttir

Gunnar Hallgrímur Sigurðsson

Jódís Lára Gunnarsdóttir

Jón Valgeir Guðmundsson

Óttar Gautur E. Erlingsson, deildarstjóri

Sigurbjörg Guðmundsdóttir

Þorsteinn Hilmarsson, sviðsstjóri

Þórunn Margrét Jónasdóttir